



**„Mamma, ég vildi að mamma mín og pabbi á  
Indlandi gætu komið í afmælið mitt“**

Hversu mikilvæg er þekking ættleiddra barna á  
upprunamenningu sinni

Lena Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Uppeldis- og menntunarfræðideild / Menntavísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



***„Mamma, ég vildi að mamma mín og pabbi á Indlandi  
gætu komið í afmælið mitt“***

***Hversu mikilvæg er þekking ættleiddra barna á upprunamenningu  
sinni***

Lena Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Brynja Elísabeth Halldórsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
júní 2015

„Mamma, ég vildi að mamma mín og pabbi á Indlandi kæmu í afmælið mitt“

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í uppeldis- og menntunarfræði við uppeldis- og  
menntunarfræðideild  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Lena Gunnlaugsdóttir 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema  
Reykjavík, 2015

## Útdráttur

Nú á dögum heyra ættleiðingar innanlands á Íslandi nánast sögunni til og eru ættleiðingar á milli landa sífellt algengari. Því fylgir mikill munur upprunamenningar ættleiddra barna og foreldra þeirra en þekking á henni getur skipt sköpum þegar kemur að sjálfsmynd barna. Í ritgerð minni leita ég svara við því hversu mikilvæg þekking ættleiddra barna er á upprunamenningu sinni. Í henni er fjallað um sögulega sýn og hugmyndafræði ættleiðinga almennt á Vesturlöndum sem og á Íslandi og tengslamyndun ættleiddra barna við foreldra og aðra sem þeim tengjast. Aðalkaflinn er um sjálfsmynd ættleiddra barna, hlutverk foreldra og leikskóla í að fræða ættleidd börn um uppruna sinn, mismunandi viðhorf foreldra til fræðslunnar og loks hvert fólk getur leitað sér upplýsinga um málefnið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að opin umræða heima fyrir sem og annars staðar efli sjálfstraust ættleiddra barna sem gerir þeim kleift að takast betur á við þá fordóma og misrétti sem þau kunna að mæta.

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur.....</b>	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>Almennt um ættleiðingar .....</b>	<b>9</b>
2.1	Flokkar ættleiðinga.....	10
2.1.1	Íslensk frumættleiðing .....	11
2.1.2	Alþjóðleg frumættleiðing .....	11
2.1.3	Sterk og veik/opin ættleiðing.....	12
2.2	Söguleg sýn og hugmyndafræði ættleiðinga á Vesturlöndum .....	12
2.2.1	Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.....	14
2.2.2	Haag-samningurinn .....	15
2.3	Saga ættleiðinga á Íslandi.....	15
2.3.1	Félagið Íslensk ættleiðing.....	17
2.3.2	Íslensk lög um ættleiðingar .....	18
<b>3</b>	<b>Tengslamyndun.....</b>	<b>21</b>
3.1	Hugmyndir fræðimanna um tengslamyndun .....	21
3.2	Tengslamyndun ættleiddra barna .....	25
3.3	Áhrif tengslarofa .....	26
<b>4.</b>	<b>Error! Bookmark not defined.</b>	
	<b>Áhrif upprunamenningar á ættleidd börn.....</b>	<b>29</b>
3.4	Sjálfsmynd ættleiddra barna .....	30
3.4.1	Tvímennningarleg félagsmótun.....	32
3.4.2	Tvímennningarleg sjálfsmynd.....	32
3.5	Hlutverk kjörforeldra í að fræða börn sín um upprunamenningu þeirra .....	33
3.5.1	Mismunandi viðhorf kjörforeldra .....	35
3.5.2	Litblind mismunun .....	36
3.6	Hlutverk leikskóla .....	37
3.7	Stuðningur við fræðslu um upprunamenningu .....	38
<b>4</b>	<b>Lokaorð.....</b>	<b>41</b>
	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>45</b>

## **Myndaskrá**

Mynd 1: Fjöldi frumættleiddra á Íslandi eftir aldri.....	16
--	----

## **Töfluskrá**

Tafla 1: Fjöldi ættleiðinga til Íslands með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar .....	18
--	----

## Formáli

Þessi ritgerð er lögð fram til BA prófs við Háskóla Íslands og gildir sem 14 ECTS einingar. Áhugi fyrir þessu viðfangsefni kviknaði vegna forvitni um hversu mikið frumberska ættleiddra barna hefur í raun áhrif á allt líf þeirra og löngunar minnar til að fræðast meira um hvort réttar uppeldisaðferðir geti bætt fyrir erfiða upplifun þeirra. Ég vil þakka leiðbeinenda mínum Brynju Elísabeth Halldórsdóttur fyrir góðar ábendingar og þolinmæði, maka mínum og dóttur fyrir mikið umburðarlyndi á lokasprettinum og síðast en ekki síst móður minni Kristínu Aðalsteinsdóttur fyrir mikinn stuðning og hvatningu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_.\_\_\_\_\_ 20\_\_

---



## 1 Inngangur

Öll eigum við okkur uppruna, hver svo sem hann er mótar hann okkur sem einstaklinga samtvinna þeirri reynslu sem við öðlumst á lífsleiðinni. Ekki eru allir sem alast upp við sömu upprunamenningu og þeir fæddust inn í og eru ættleidd börn af erlendum uppruna dæmi um það. Algengt er að heyra hugtakið kynþáttur þegar fjallað er um börn af ólíkum uppruna en foreldrar þeirra, hugtakið er þá notað til að skilgreina mun á litahætti og menningarbundnum þáttum. Ekki verður orðið kynþáttur notað í ritgerðinni heldur mun ég notast við mismunandi litahætti þess í stað (Juffer og Tieman, 2009; Palacios og Brodzinsky, 2010; Thomas og Tessler, 2007).

Að njóta ástar, umhyggju og skilnings ætti að vera réttindi allra barna og hefur því verið lýst yfir í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, með þess konar uppeldi er barn undirbúið til sjálfstæðis því virðing, umburðarlyndi, jafnrétti og samstaða er lykill að góðu lífverni (Umboðsmaður barna, e.d. Samt sem áður eru ekki öll börn sem njóta slíkra réttinda, munaðarlaus börn um heim allan þjást þrátt fyrir að einhverstaðar hafi einhver skrifað undir samning um að þau ættu rétt á öðru. Með ættleiðingu er hægt að koma til móts við hluta þessara barna en ekki er þar með sagt að við ættleiðingu verði allt eins og dans á rósum þar sem fjölskyldur sameinast án allra vankvæða því eftir á tekur við langt ferli þar sem kjörforeldrar þurfa að ná tengslum við börnin sem hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika þrátt fyrir ungan aldur (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009; Mohanty og Newhill, 2006).

Geðtengsl eru þau tengsl sem barn myndar við ummönunaraðila sinn sem er oftast nær foreldri þess, þau eru annaðhvort veik eða sterk og fer það eftir hversu vel ummönunaraðili barnsins bregst við kalli þess (Berk, 2007). Upphafsmáður kenninga um tengslamyndun, John Bowlby, taldi að góð geðtengsl á milli barns og ummönunaraðila mynduðust best við sex til 12 mánaða aldur. Ættleidd börn koma oftast nær ekki í hendur kjörforeldra sinna fyrr en undir lok fyrsta árs í lífi sínu og eru sum jafnvel eldri (Bowlby, 1973; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Niðurstöður nýrra rannsókna hrekja þessa kenningu með því að sýna fram á að börn geta myndað geðtengsl fram yfir þetta aldursbil (Bretherton, 1992; Roberson, 2006). Það sýnir að kjörforeldrar eiga að geta myndað geðtengsl við börn sín undir flestum kringumstæðum en það er ein af þeim spurningum sem höfundur leggur upp með.

Góð tengslamyndun er ekki það eina sem kjörforeldrar þurfa að huga að við ættleiðingu barns en í íslensku samfélagi í dag er algengasta form ættleiðinga alþjóðleg

frumættleiðing og mun ég í ritgerðinni vísa til þessa flokks varðandi ættleidd börn. Þau börn sem tilheyra þessum flokki eiga sér annan uppruna en foreldrar þeirra og um fimm ára aldurinn vakna oft hjá þeim spurningar um frábrugðið útlit þeirra samanborið við foreldra sína og annan uppruna sem foreldrar þurfa að vera búnir undir að svara (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; Brodzinsky, Singer og Braff, 1984). Upprunamenning er hluti af sjálfsmynd einstaklings og mun ég í þessari ritgerð leita svara við því hvort þekking á upprunamenningu hafi áhrif á líðan ættleiddra barna og hversu mikilvæg hún sé í raun og veru. Í titli ritgerðarinnar er vitnað í orð lítillar telpu við kjörmóður sína en þau eru:

*„Mamma, ég vildi að mamma mín og pabbi á Indlandi gætu komið í afmælið mitt.“*

Þessi tilvitnun er úr bók Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur (2009) en móðir telpunnar sagði frá því að líffræðilegir foreldrar ættleiddra barna væru alltaf með þeim, í hjörtum barnanna, þeir væru í afmælisveislunum þrátt fyrir að það þyrfti kannski ekki að vaska upp eftir þá. Margar rannsóknir hafa verið gerðar um þetta efni og verður komið inn á nokkrar þeirra. Ég mun byrja á því að fjalla um fræðilega þætti ættleiðingar þar sem teknir verða fyrir flokkar hennar, komið verður inn á sögulega sýn og hugmyndafræði ættleiðinga á Vesturlöndum og sögu ættleiðinga á Íslandi. Eins og áður kom fram þá mun ég fjalla um tengslamyndun ættleiddra barna sem og helstu hugmyndir fræðimanna um það efni. Loks verða áhrif þekkingar á upprunamenningu ættleiddra barna gerð skil með því að skoða sjálfsmynd þessara barna. Komið verður inn á hlutverk kjörforeldra við að fræða börn sín um uppruna sinn, hlutverk leikskóla í þeim efnum og að lokum verður fjallað um þann stuðning sem börn og foreldrar geta fengið við fræðsluna.

## 2 Almennt um ættleiðingar

Ættleiðingar eiga sér langa sögu þrátt fyrir að hafa ekki alltaf borið þetta nafn sem slíkt. Með tíð og tíma hefur merking hugtaksins ættleiðing þróast og mótast eftir menningu, lögum og aðstæðum (Hrefna Friðriksdóttir, 2001). Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að ættleiða að taka barn sér í sonar eða dóttur stað, gera barn að kjörbarni sínu og veita óskilgetnu barni réttindi skilgetins barns (Árni Böðvarsson, 1985). Þegar talað er um kjörbarn er átt við ættleitt barn og eru kjörforeldrar þar af leiðandi foreldrar ættleiddra barna (Lög um ættleiðingu nr. 130/1999). Í bók Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur (2009) lýsir hún skoðun sinni á þeim orðum sem falla yfir ættleidd börn. Að hennar mati eru orðin kjörbarn og kjörforeldrar ekki heppileg þar sem að kjörforeldrar velja sér ekki eða kjósa ekki hvaða barn þau fá í hendurnar og ekki fá börnin heldur neitt um það valið til hvaða fjölskyldu þau fara, orðin sem að hennar mati ganga upp eru ættleiðing sem lýsir því ferli að barn sé leitt inn í nýja ætt og svo óskabarn en samkvæmt íslenskri orðabók (1983) þýðir það kjörbarn eða fósturbarn. Orðið óskabarn á vel við þar sem barnið uppfyllir ósk þeirra sem ættleiða um að eignast barn. Samt sem áður mun ég notast við orðin kjörbarn og kjörforeldrar þar sem þau eru algengust og flestir kannast við þau.

Í heiminum eru 195 ríki og af þeim eru 173 ríki þar sem ættleiðingar eru leyfilegar. Ár hvert eru 12 af hverjum 100.000 börnum ættleidd og hefur aukning ættleiðinga milli landa verið mikil en á árunum 1990 til 2005 jukust þær um helming eða frá 20 þúsund upp í 40 þúsund á ári, þrátt fyrir það eiga 85% af öllum ættleiðingum sér stað innanlands (United Nations, 2009). Árið 2003 var fjöldi munaðarlausra barna skoðaður og kom þá í ljós að hann var 60 sinnum meiri en fjöldi ættleiðinga ár hvert. Þessar tölur sýna að hlutfall ættleiddra barna er frekar lágt miðað við öll þau börn sem dvelja á stofnunum, en taka þarf þó með í reikninginn að þau börn sem vistuð eru á stofnunum þurfa ekki alltaf á ættleiðingu að halda þar sem að að sú umönnun sem þau hljóta á stofnuninni eða barnaheimilinu er það góð að börnin njóta ásamt nauðsynlegrar umhirðu einnig ástar og umhyggju (United Nations, 2009). Ættleiðingar eru oftast nær af því góða og hafa það eitt í fyrirrúmi að útvega barni góða fjölskyldu þegar þörfin er hve mest. Það má því segja að ættleiðing sé svokallað verndarúrræði fyrir barn þar sem því er gefin fjölskylda en ekki að fjölskyldu sé gefið barn (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Þessi vernd skín skýrt í gegn allstaðar þar sem fjallað er um réttindi barna, bæði í Barnasáttmálanum sem og Haag samningnum sem útskýrðir verða hér síðar, í þeim er alltaf komið inn á þann flöt að hagsmunir barnsins

séu það eina sem skiptir máli. Flokkar ættleiðinga eru margir og mun þeim vera lýst nánar hér á eftir.

## 2.1 Flokkar ættleiðinga

Í þessum kafla verður farið yfir flokka ættleiðinga og það sem þeir standa fyrir. Það er margt flókið þegar kemur að ættleiðingu og eru flokkar hennar engin undantekning. Flokkun þessi er gerð vegna ólíkra aðstæðna fólks við ættleiðingu og skiptast þeir í alþjóðlega fjölskylduættleiðingu, einkaættleiðingu, sjálfstæða ættleiðingu, frumættleiðingu og stjúpættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Sterk og veik ættleiðing eru hugtök sem einnig verður fjallað um. Samkvæmt íslenskri reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 eru aðeins þrjú þessara flokka leyfilegir hér á landi en það eru alþjóðleg fjölskylduættleiðing, frumættleiðing og stjúpættleiðing. Einnig má sjá í 29. grein ættleiðingarlaga að einstaklingar sem búsettir eru hérlendis mega ekki ættleiða barn erlendis frá nema með samþykki sýslumanns og styðja þau því aðeins fyrstu þrjá flokkana sem nefndir voru hér að ofan. Tveir helstu flokkarnir eru frumættleiðing og stjúpættleiðing en hvort að einstaklingur frum- eða stjúpættleiði fer eftir aðstæðum hvers og eins (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Munurinn á þessum flokkum er talsverður og verður skýrt frá honum hér að neðan.

Alþjóðleg fjölskylduættleiðing (e. International adoption) er það kallað þegar erlendur ríkisborgari eða fyrrum erlendur ríkisborgari sem er búsettur hérlendis ættleiðir barn sem er náskylt honum og búsett í upprunalandi hans og á þetta hvort tveggja við ef hann sækir um einn eða með maka sínum samkvæmt 3. mgr. 1. gr. reglugerðar um ættleiðingar (nr. 238/2005). Þessi flokkur er einn af þremur sem leyfilegir eru á Íslandi. Eins og áður sagði þá eru ekki allir flokkar ættleiðinga sem falla undir lög og reglugerðir hér á landi, það breytir þó ekki tilvist þessa tegunda ættleiðinga en þær eru notaðar í öðrum ríkjum.

Einkaættleiðing (e. private adoption) á sér stað þegar samningur um ættleiðingu barns er aðeins gerður á milli kjörforeldra og kynforeldra barnsins þannig að enginn utanaðkomandi aðili á þátt í ferlinu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Þessi tegund ættleiðinga getur verið vafasöm þar sem yfirvöld koma hvergi nálægt og geta því ekki metið stöðuna og hvort að allt fari á réttan hátt fram.

Sjálfstæð ættleiðing (e. independent adoption) er svo annar flokkur sem ekki er leyfilegur hérlendis en með sjálfstæðri ættleiðingu er átt við að kjörforeldrar sjá alfarið um ættleiðingu barnsins með því að fara til viðtökuríkis og fá samþykki þaðan fyrir ættleiðingunni og ættleiða svo barnið án hjálpar, samþykkis eða vitundar yfirvalda í heimalandi sínu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Eins og fram hefur komið er stjúpættleiðing (e. step adoption) einn af meginflokkum ættleiðinga hérlendis og er lýsingin á honum í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um ættleiðingar (nr. 238/2005) svona: „Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist“. Þegar stjúpættleiðing á sér stað er sá sem ættleiðir barnið því að mynda við það ný lagaleg tengsl og haldast þau við það foreldri sem það býr hjá en rofna við hitt kynforeldrið. Markmið stjúpættleiðingar er að styrkja þau tengsl sem barn og sjúforeldri hafa myndað enn frekar (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Hún er því talsvert ólík frumættleiðingu þar sem barn sem er stjúpættleitt hefur oftast nær búið lengi með því foreldri sem það ættleiðir sem er gjörólíkt frumættleiðingu.

Frumættleiðing (e. primary adoption) er annar meginflokka ættleiðinga á Íslandi en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um ættleiðingar (nr. 238/2005) er það kallað frumættleiðing þegar barn er ættleitt sem ekki er barn eða kjörbarn maka þess sem sækir um. Barnið myndar því ný fjölskyldutengsl við kjörforeldra sína en missir tengsl við upprunafjölskyldu sína. Þessi flokkur ættleiðingar skiptist annað hvort í ættleiðingar innanlands eða ættleiðingar á milli landa sem hefur einnig verið kallað alþjóðleg ættleiðing. Fjallað verður um þessa tvo flokka frumættleiðingar hér á eftir.

### **2.1.1 Íslensk frumættleiðing**

Íslensk frumættleiðing er eins og nafnið gefur til kynna frumættleiðing innan landssteinanna. Munur er á kynjaskiptingu þegar kemur að íslenskum frumættleiðingum og er algengara að stúlkur séu frumættleiddar innanlands en drengir. Einnig er munur á aldri frumættleiddra íslenskra barna og barna sem eiga sér annað upprunaríki en um helmingur þeirra sem frumættleiddir eru innanlands eru einstaklingar yfir lögdri. Ekki er algengt að börn á aldrinum sex til 11 ára séu ættleidd innanlands því samkvæmt 6. grein laga um ættleiðingar (nr. 130/1999) þarf að fá samþykki barna yfir 12 ára aldri á ættleiðingu. Þess vegna bíða flestir sem á annað borð ætla að ættleiða til dæmis fósturbarn sitt með að ættleiða það þangað til það nær 12 ára aldrinum því fyrir þann aldur þarf leyfi líffræðilegra foreldra (Hagstofa Íslands, 2008).

### **2.1.2 Alþjóðleg frumættleiðing**

Alþjóðleg frumættleiðing (e. International adoption) er sú tegund ættleiðinga sem er hvað mest tíðkuð á Íslandi í dag. Þegar þessi tegund ættleiðingar á sér stað búa tilvonandi kjörforeldrar ekki í sama ríki og kjörbarnið, ríki kjörforeldranna er gjarnan kallað viðtökuríki og ríki barnsins upprunaríki (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; United Nations, 2009). Samvinna á milli landa skiptir því miklu máli þegar kemur að alþjóðlegri frumættleiðingu

vegna þess að töluvert flóknara er að hafa öll gögn á hreinu þegar ferlið fer í gegnum tvö lönd (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Þetta er sú tegund ættleiðinga sem fjallað verður um í þessari ritgerð og eins og kom fram í inngangi verður vísað til þessa flokks sem ættleiddra barna hér eftir.

### **2.1.3 Sterk og veik/opin ættleiðing**

Þegar ættleiðing á sér stað er nauðsynlegt að hafa það á hreinu hvort hún sé veik eða sterk. Með sterkri ættleiðingu (e. full adoption) myndar barnið ný fjölskyldutengsl bæði við kjörforeldra sína og stórfjölskylduna alla en um leið rofna öll tengsl við upprunafjölskyldu þess. Í 25. grein laga um ættleiðingar (nr. 130/1999) um réttaráhrif á Íslandi segir að við ættleiðingu öðlist kjörbarn sömu réttindi gagnvart kjörforeldrum sínum og öðrum ættmennum sem það væri þeirra eigið en um leið missir það lagaleg tengsl við kynforeldra sína og önnur ættmenni nema um undantekningu sé að ræða. Með veikri ættleiðingu (e. simple eða open adoption) er átt við að hvorki tengslin við nýju kjörfjölskylduna né slitin við upprunafjölskylduna verða jafn afgerandi eins og með sterkri ættleiðingu. Á Íslandi er notast við sterka ættleiðingu og einnig er það form algengast á öllum Norðurlöndunum (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

## **2.2 Söguleg sýn og hugmyndafræði ættleiðinga á Vesturlöndum**

Þegar hugað er að hugmyndafræðinni á bak við ættleiðingu er það fyrsta sem upp kemur í hugann mynd af barnlausum hjónum sem af einhverjum ástæðum geta ekki eignast barn hjálparlaust og ættleiða því munaðarlaust barn sem býr við bágar aðstæður. Þannig hjálpa bæði barnið og kjörforeldrar þess að hjálpa hvert öðru og úr verður falleg fjölskylda.

Í aldanna rás hafa börn verið tekin í fóstur og voru Rómverjar til forna þeir fyrstu til að setja sérstök lög um ættleiðingar. Svo virðist því vera að upprunalega hafi hlutverk ættleiðinga verið að koma í veg fyrir að ættin myndi deyja út. Hjón sem voru barnlaus tóku þá að sér kjörbarn og var það oftast drengur. Barnið hlaut þá öll réttindi eins og það væri þeirra eigið (Símon Jóh. Ágústsson, 1964). Þannig hlutu munaðarlaus börn tengingu inn í fjölskyldu sem þau bundust böndum rétt eins og það sem ættleiðingar ganga út á í dag. Lítið sem ekkert var um ættleiðingar á miðöldum og er ástæðan sú að kirkjan hafði mikið á móti þeim. Eins kaldhæðnislegt og það er þá töldu talsmenn hennar það vera óeðlilegt og andstætt siðferðislegum viðmiðum að hjón gætu tekið annara manna börn að sér og alið þau upp sem sín eigin. Einnig var talið ósiðlegt að foreldrar létu börn sín af hendi (Símon Jóh. Ágústsson, 1964).

Segja má að það sé Napóleón Bonaparte að þakka að lögtekin voru ýmis ákvæði um ættleiðingu og þau skráð í lögbók sem kennd var við hann. Napóleón var þjóðhöfðingi

Frakka í byrjun 19. aldar en hann var við völd árið 1804 og var þá gjarnan titlaður sem frakkakeisarinn. Þann 18. janúar árið 1792 höfðu frönsku stjórnarbyltingarmennirnir heimilað ættleiðingu en þegar verið var að endurskoða frönsk lög á árunum 1800-1804 var mikið sett út á löginn sem heimiluðu ættleiðingar og það var þá sem Napóleon tók af skarið eins og áður sagði (Símon Jóh. Ágústsson, 1964). Engin lög um ættleiðingar voru í gildi hvorki á Íslandi né í Danmörku þar til árið 1815 þegar gefið var út ættleiðingarbréf í umboði konungs þar sem leyfi var gefið til ættleiðinga barna með því skilyrði að þeir sem ættleiddu ættu engin börn fyrir og voru þetta einu reglurnar um ættleiðingar til ársins 1953 (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Það var ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina eða um miðja 20. öld að alþjóðlegum ættleiðingum fór að fjölga og var það fyrir tilstilli þess að Bandaríkjamönnum var gefið leyfi til að ættleiða fátæk börn frá Evrópu. Ástæðan fyrir því var að eftir mikið mannfall í stríðinu hafði fjöldi munaðarlausra barna í heiminum aukist, börn frá Þýskalandi, Grikklandi og Japan voru send til Bandaríkjanna þar sem enga umönnunaraðila var að fá í heimalandi þeirra. Þar sem þessi tegund ættleiðinga var ekki þekkt á þessum tíma voru engin lög komin til að tryggja það að ekki væri brotið á börnunum. Í þá daga voru reglurnar þannig að kjörforeldrum bar skylda til að sjá um börnin þar til þau náðu lögaldri en þá var þeim heimilt að senda þau burt með eitt sett af fötum (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Löginn voru þó fljótlega betrubætt svo að staða ættleiddra barna væri skýr eða sú að þeim bæri sömu réttindi til kjörforeldra sinna eins og þau væru af þeirra eigin holdi og blóði (Altstein og Simon, 1991; United Nations, 2009).

Ættleiðingarlöginn á þessum tíma voru því ekki alveg í sama formi allstaðar í Evrópu en samkvæmt lögbók Napóleons var aðeins hægt að ættleiða lögráða mann eða einstakling eldri en 21 árs gamlan. Það þurfti að vera gert með fullu samþykki hans en þessi einstaklingur þurfti samt sem áður að hafa verið í umsjá kjörforeldra sinna í að minnsta kosti sex ár (Símon Jóh. Ágústsson, 1964). Það gefur því auga leið að ættleiðing sem uppeldisúrræði var ekki beint í boði á þessum tímum þar sem bann var við ættleiðingum ólögráða barna og er það nokkuð ljóst að lög og reglur um ættleiðingar voru ekki gerðar með það eitt að leiðarljósi að hjálpa bágstöddum börnum eins og krafist er í dag.

Himinn og haf virðast vera á milli þess hvernig ættleiðingarferlið var og hvernig það hefur þróast og dafnað. Þrátt fyrir að enn í dag sé það ekki fullkomið þá hefur óneitanlega mikil framför orðið sem til dæmis má þakka tilkomu samninga sem aðildarríki, það er þau ríki sem ættleiða börn til sín hafa haft að leiðarljósi í þessu ferli. Til þess að ættleiðingar fari fram á réttan og öruggan hátt með það eitt að leiðarljósi að gera einungis það sem barninu er fyrir bestu þurfa að gilda ýmsar reglur sem aðildarríki eiga að fara eftir. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Haag samningurinn eru samningar sem falla undir

þann flokk að tryggja börnum sem þurfa á hjálp að halda þetta öryggi. Hér á eftir verður þessum samningum lýst nánar, eins verður komið inn á lög um ættleiðingar og þá sér í lagi á Íslandi.

### **2.2.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins**

Barnasáttmálinn eða samningur Sameinuðu þjóðanna eins og hann heitir með réttu fjallar um réttindi barns. Hann var samþykktur 20. nóvember 1989 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ísland undirritaði hann árið 1990 og tók hann gildi hér á landi 27. nóvember 1992. Það var þó ekki fyrr en árið 2013 þann 20. febrúar sem sáttmálinn var lögfestur hér á landi! Fyrir þann tíma gerðist það of oft að ekki var farið eftir sáttmálanum sem skyldi og dæmi eru um að dómar á Íslandi hafi beinlínis verið í andstöðu við hann og má sem dæmi um það nefna mál þegar ofbeldi gegn barni var ekki talið refsivert vegna þess að foreldri samþykkti það (Margrét María Sigurðardóttir, 2013; Umboðsmaður barna, e.d.; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Lögfestingin felur í sér að nú er Barnasáttmálinn orðinn hluti landslaga var hún mikilvæg til að koma í veg fyrir slíkt athæfi.

Barnasáttmáli er eitthvað sem ber að hafa í hávegum en hann stuðlar að auknum réttindum barna og heldur utan um allt sem þeirra rétti tengist. Samningur þessi gengur út á það að sýna fram á að börn eru einstaklingar sem ekki er hægt að ráðskast með á hvaða hátt sem er, heldur eru þau hópur sem þarf á sérstakri vernd að halda (Umboðsmaður barna, e.d.). Ísland er á meðal þeirra 193 ríkja sem eiga aðild að Barnasáttmálanum og eru þar af leiðandi kölluð aðildarríki. Í sáttmálanum má finna hinar ýmsu grundvallareglur um réttindi barna og má þar meðal annars finna réttindi tengd ættleiðingum (Innanríkisráðuneytið, 2007). Á síðu Umboðsmanns barna (e.d.) kemur fram að ekki var nægilega gætt að réttindum barna í fyrri mannréttindasamningum og kemur þar jafnframt fram að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi.

Í Barnasáttmálanum kemur fram að það barn sem af einhverjum ástæðum á ekki kost á því að alast upp hjá upprunalegri fjölskyldu sinni eigi rétt á vernd og aðstoð frá ríkinu til að sjá því fyrir annarri umönnun (Innanríkisráðuneytið, 2007). Í sáttmálanum kemur einnig fram að aðildaríkjum beri skylda að tryggja velferð allra barna til dæmis á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála (Umboðsmaður barna, e.d.). Þegar finna þarf aðra fjölskyldu fyrir barn skal alltaf hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og hafa í huga að verið sé að finna fjölskyldu fyrir barnið en ekki barn fyrir fjölskyldu. Ættleiðing á milli landa á alltaf að vera síðasti valkosturinn en ef til þess kemur eiga stjórnvöld heimalands þess að ákveða hvort ættleiðing sé leyfileg með stöðu barnsins gagnvart foreldrum þess og fjölskyldu í huga (Innanríkisráðuneytið, 2007). Hér að neðan verður fjallað um Haag-



samninginn en hann á það sameiginlegt með Barnasáttmálanum að stuðla að réttindum barna.


### **2.2.2 Haag-samningurinn**

Árið 1993 í borginni Haag í Hollandi gerði Haag-stofnunin samning um alþjóðlegan einkamálarétt um ættleiðingar og var ástæða þessa framtaks að miklu leyti sú mikla aukning á ættleiðingum milli landa sem hófst upp úr 1960 (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Það var svo árið 2008 sem gefin var út svokölluð Gæðahandbók sem fjallar um framkvæmd þessa samnings. Handbókin ber heitið: The Implementation and Operation of the 1993 Hague Intercountry Adoption Convention: Guide to Good Practice. Guide no.1 en í henni er fjallað ítarlega um samninginn í heild sinni og mun hér á eftir verða vitnað í þessa handbók (HCCH, 2008). Samvinna á milli upprunaríkja (lönd sem ættleiða börn úr landinu) og móttökuríkja (lönd sem taka við börnum til ættleiðingar) er mikilvæg þegar kemur að ættleiðingarferlinu og skilgreinir Haag-samningurinn þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar í móttökuríkinu. Markmið þessa samnings er að hagsmunir barns séu ávallt í fyrirrúmi og að mannréttindi þess séu virt. Í dag fylgir 81 ríki Haag-samningnum og eru það jafnt upprunaríki sem viðtökuríki. Þrátt fyrir það heyrta mansal og barnaþrælkun því miður ekki sögunni til en samningurinn á einnig að koma í veg fyrir þess konar athæfi (Innanríkisráðuneytið, 2007; Hrefna Friðriksdóttir, 2011; HCCH, 2008). Til þess að svo geti orðið þyrftu líklegast fleiri lönd að undirrita slíkan samning. Þó er ekki víst að með fleiri undirritunum myndi heimurinn lagast því í skýrslu Hrefnu Friðriksdóttur (2011) kemur fram að þegar skoðaðar eru ættleiðingar barna á milli landa í fimm aðildarríkjum sem tóku á móti flestum börnum árið 2008 má sjá að aðeins í 30% þessara tilvika var farið eftir samningnum. Í Haag-samningnum er tekið fram að besti kostur barns sé að alast upp við ást, hlýju, umhyggju og hamingju innan fjölskyldu og þá helst sinnar upprunalegu. Ef sá kostur er ekki til umræðu vegna vanhæfni eða vangetu upprunafjölskyldu er næstbesti kosturinn sá að ættleiðing eigi sér stað innan sama lands, ættleiðing milli landa á því ávallt að vera síðasti valkosturinn (Innanríkisráðuneytið, 2007).

### **2.3 Saga ættleiðinga á Íslandi**

Líkt og önnur lönd á Ísland sér langa sögu um ættleiðingar. Það þarf ekki annað en að skoða gamlar Íslendingasögur til að sjá hversu algengt það var að stórbændur fóstruðu börn vina sinna í skemmri eða lengri tíma. Á þessum tíma var einnig algengt að heimili væru uppleyst vegna fátæktar sem leiddi til þess að börn fátækra voru sett í fóstur til fólks sem bjó við betri kjör (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Það var ekki fyrr en árið 1953 að sett voru íslensk lög um ættleiðingar en það þýðir þó ekki að ættleiðingar hafi ekki verið

tíðkaðar fyrir þann tíma heldur voru þær af mjög skornum skammti ( Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Í bók Símons Jóhanns Ágústssonar (1964) kemur fram að á árunum 1904 til 1908 hafi verið gefið rúmlega eitt leyfi á ári til frumættleiðinga. Leyfunum fjölgaði svo frá ári til árs og árin 1959 til 1962 voru veitt 97 leyfi á ári að meðaltali. Á þessum tíma áttu mörg íslensk börn ekki kost á því að alast upp hjá foreldrum sínum sem leiddi til þess að þau voru ættleidd. Ástæða þess var að mörgu leyti bág kjör einstæðra mæðra en í þá daga var fráfalið mikið megin ástæða þess að mæður væru einstæðar því að skilnaðir voru óalgengir og þeim í raun haldið niðri af samfélaginu með hömlum eins og trúarlegum, lagalegum og félagslegum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Með bættum aðstæðum og kjörum einstæðra mæðra hefur innlendum ættleiðingum fækkað mikið og heyr þær nánast sögunni til (Carli og Dalen, 2003; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Í mynd 1 frá Hagstofu Íslands sem sýnir fjölda frumættleiddra á Íslandi eftir aldri á tímabilinu 1990 til 2013 má sjá þetta betur en þar kemur fram að á þessum árum hafi 163 einstaklingar verið ættleiddir innanlands, þar af 59% sem voru komnir yfir 18 ára aldur. Einnig sýnir myndin að 21 íslenskt barn var ættleitt fyrir eins árs aldur, sex eins árs gömul og 4 tveggja ára (Hagstofa Íslands, 2014).



**Mynd 1: Fjöldi frumættleiddra á Íslandi eftir aldri**

Það er því nokkuð ljóst að dregið hefur úr ættleiðingum á íslenskum börnum eins og áður sagði. Það var svo ekki fyrr en á áttunda áratugnum að leyfilegt var á Íslandi að ættleiða börn af erlendum uppruna (Carli og Dalen, 2003). Það getur verið misjafnt frá hvaða löndum ættleidd börn með erlendan uppruna koma til Íslands en það hefur farið algjörlega eftir því við hvaða lönd Ísland hefur getað myndað samning. Í grein Ingibjargar

Birgisdóttur *Sagan í 30 ár* kemur fram að líklega hefur fyrsta barnið sem ættleitt var erlendis frá komið frá Kóreu árið 1969 (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Í þá daga var ekkert starftækt ættleiðingarfélag hérlendis og kom það ekki til sögunnar fyrr en árið 1978. Það félag hét Ísland-Kórea og bar nafn sitt einmitt af því að það átti að sinna ættleiðingum á milli Íslands og Kóreu. Áður hafði fólk farið í gegnum norskt félag sem bar nafnið Norsk Korea-forening en heitir í dag Verdens barn (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Alls komu 22 börn til Íslands frá Kóreu á þessum 10 árum en samningurinn slitnaði eftir að íslenska félagið var stofnað þar sem yfirvöld í Kóreu vissu ekki að Ísland væri sjálfstætt ríki fyrr en þá (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Eftir að slitnaði upp úr samningnum við Kóreu var lítið annað í stöðunni en að breyta nafninu og árið 1981 var því breytt í Íslensk ættleiðing.

Félagið Ísland-Guatemala var svo stofnað sama ár á Akureyri og komu alls 23 börn á þeirra vegum til Íslands. Á árunum 1981-1983 gerðu bæði félögin samning við Indónesíu og komu þaðan 62 börn, félögin tvö sameinuðust síðan árið 1983 undir nafninu Íslensk ættleiðing (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Árið 2008 var félagið Alþjóðleg ættleiðing stofnað og var markmið þess að reyna að fjölga þeim löndum sem Ísland hafði samning við til ættleiðingar. Félagið var þó ekki lengi starfandi og lagðist niður árið 2010 þegar það sameinaðist Íslenskri ættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Félagið Íslensk ættleiðing er það félag sem hefur staðið hvað lengst uppi og verður starfsemi þess lýst nánar hér að neðan.

### **2.3.1 Félagið Íslensk ættleiðing**

Félagið Íslensk ættleiðing var stofnað af fólki sem hafði áhuga á málefnum og hefur verið rekið með miklu sjálfbærastarfi félagsmanna allar götur síðan. Félagið er það eina á landinu sem hefur réttindi til þess að vera sérstakur milligönguliður þegar kemur að ættleiðingum utan landssteinanna og á þeirra vegum hafa ríflega 600 munaðarlaus börn eignast fjölskyldu á Íslandi (Íslensk ættleiðing, e.d.). Félagið Íslensk ættleiðing hefur það markmið að hjálpa þeim sem vilja ættleiða barn af erlendum uppruna við að láta þann draum rætast en aðeins með hagsmuni barnsins í fyrirrími. Ásamt því að stuðla að velferð kjörfjölskyldna á Íslandi vinnur það líka að velferðarmálum barna erlendis (Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Félagið fylgir stefnu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og Haag-samningsins. Einnig er það meðlimur í EurAdopt sem eru samtök ættleiðingarféлага í Evrópu og í samtökum norrænna ættleiðingarféлага eða NAC (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; Sigrún Kristinsdóttir, 2009). Eftir sameiningu félaganna Ísland-Guatemala og Íslensk ættleiðing héldu samningar við ný lönd áfram að myndast eins og við Indland árið 1988 og Rúmeníu til ársins 2001. Í dag hefur félagið samning við Indland, Kína, Kólumbíu, Tékkland, Makedóníu, Pólland, Taíland, Filippseyjar og Nepal. Þrátt fyrir það er ekki mikið

um ættleiðingar frá sumum þessara landa og er virkt samband fyrst og fremst við Kína, Indland, Kólumbíu og Tékkland (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Á töflu 1 má þó sjá að flest börn hafa komið frá Kína (Íslensk ættleiðing, e.d.).

**Tafla 1: Fjöldi ættleiðinga til Íslands með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar**

Fjöldi ættleiðinga til Íslands með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar (uppfært 29.4.2015)												
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Indland</b>	7	1	2	0	13	4	1	1	0	0	0	0
<b>Kína</b>	20	33	6	18	0	8	13	14	12	3	4	2
<b>Kólumbía</b>	1	1	0	1	0	2	2	2	2	0	0	1
<b>Tékkland</b>	0	0	0	1	0	0	2	2	2	4	5	4
<b>Tógó</b>	-	-	-	-	-	-	-	-	1	1	2	0
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>35</b>	<b>8</b>	<b>20</b>	<b>13</b>	<b>14</b>	<b>18</b>	<b>19</b>	<b>17</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	<b>7</b>

Á Íslandi gilda ýmis lög um ættleiðingar og verður þeim lýst nánar í næsta kafla.

### 2.3.2 Íslensk lög um ættleiðingar

Það getur verið erfitt fyrir einstaklinga að fá samþykki fyrir ættleiðingu en eins og kemur fram í 9. grein reglugerðar um ættleiðingu (nr. 238/2005) þá geta bæði líkamlegir og andlegir sjúkdómar haft áhrif á hvort að leyfi er gefið og eru þeir sem hafa áhrif á neitun umsókna alnæmi, krabbamein, hjarta- og æðasjúkdómar, offita, líffæraþegar, lungnasjúkdómar, fötlun, geðsjúkdómar, nýrnasjúkdómar, sjálfsofnæmissjúkdómar, sykursýki, innkirtlasjúkdómar og meltingafærasjúkdómar. Reglur þessar eru skiljanlegar því yfirvöld verða að vera viss um að heilsufar kjörforeldra sé gott svo að barnið fái hve besta umönnun. Erfitt getur þó verið fyrir einstaklinga að fá höfnun vegna yfirþyngdar. Eins og áður hefur komið fram þá gilda lög (nr. 130/1999) um ættleiðingar á Íslandi og eins reglugerð (nr. 238/2005). Þegar ættleiðingarferli hefst ber þeim aðilum sem að því standa að fara eftir settum reglum í einu og öllu sem og að fylgja öllum þeim boðum sem fram koma í Barnasáttmálanum og Haag-samningnum.

Í 5. grein laganna kemur fram að einstaklingur þurfi að hafa náð 25 ára aldri til þess að geta fengið leyfi til ættleiðingar en í einstaka tilfellum hefur þó 20 ára einstaklingum verið gefið leyfi, í 11. grein reglugerðar um ættleiðingar (nr. 238/2005) kemur svo fram að hámarksaldur umsækjanda er 45 ár. Til þess að öðlast leyfi til ættleiðingar er ekki aðeins nóg að hafa náð tilsettum aldri heldur kemur fram í annari grein laga (nr. 130/1999) að þar þurfi að hafa verið skráð í sambúð í þjóðskrá í að minnsta kosti fimm ár, hjón í vígðri sambúð verið gift í að minnsta kosti þrjú ár og annað hjóna eða einstaklingur sem skráður er í sambúð geti sótt um ættleiðingu hafi hann samþykki hins aðilans í sambúðinni. Sé annar makinn ekki til staðar eða hann geti af einhverjum læknisfræðilegum ástæðum ekki

gert sér grein fyrir ættleiðingu er hinum makanum þó heimilt að sækja um ættleiðingu. Einhleypir einstaklingar hafa einnig leyfi til að ættleiða en aðeins ef talið er að það sé barninu til bóta. Þrátt fyrir að í dag sé leyfilegt fyrir samkynhneigt fólk á Íslandi að ættleiða, þá eru upprunaríki þeirra barna sem ættleidd eru til Íslands með boð og bönn gegn því að senda börn frá sér til samkynhneigðra hjóna, para eða einstaklinga. Á heimasíðu félags Íslenskrar ættleiðingar má finna frétt frá 2014 þar sem fram kemur að þrátt fyrir að á Íslandi hafi samkynhneigðum einstaklingum verið heimilt að ættleiða barn þá hafi ekkert íslenskt par af sama kyni ættleitt þrátt fyrir að liðin væru átta ár frá því að lögin voru sett (Íslensk ættleiðing, e.d.). Eins og fram kemur í 34. grein laga um ættleiðingar (nr. 130/1999) hefur ráðherra einn vald til að löggilda félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis og í 35. grein sömu laga kemur einnig fram að ættleiðingarfélag verði að vera löggilt til að það megi hafa milligöngu um ættleiðingar. Eins og áður sagði er aðeins eitt starftækt ættleiðingarfélag á Íslandi og hefur það löggildingu stjórnvalda til að hjálpa fólki að ættleiða erlendis frá (Íslensk ættleiðing, e.d.; Innanríkisráðuneytið, 2014).



### 3 Tengslamyndun

Tengslamyndun er öllum mönnum mikilvæg og er hún grundvallarþörf barna til þess að þau geti upplifað öryggi (Bowlby, 1984). Því til stuðnings má nefna frægt dæmi um stúlkuna Danielle en hún var tekin af heimili sínu sjö ára gömul vegna gífulegrar vanrækslu, stúlkan gat ekki tjáð sig, notað salerni eða haft nokkur samskipti við annað fólk þó svo að hún væri ekki líffræðilega veik á neinn hátt (Dannisstory.org, e.d.). Þessi stúlka myndaði engin tengsl sem kom út á þennan skelfilega hátt. Þegar barn fæðist er það algjörlega ósjálfbjarga og þarf því að leggja traust sitt á umönnunaraðila sinn hver svo sem það er, tengslamyndun barns og umönnunaraðila sem oftast er foreldri þess er ferli sem tekur tíma þar sem barnið þarf að læra að treysta á foreldra sína en fyrsta tengslamyndun einstaklinga er oftast við þá (Berk, 2009; Bowlby, 1984). Í eftirfarandi köflum verður fjallað um tengslamyndun út frá hugmyndum fræðimanna og þeim lýst nánar. Komið verður inn á mismunandi tegundir geðtengsla og hugtakið tengslaröskun útskýrt. Þessum tengslum verður loks fléttað saman við myndun tengsla ættleiddra barna bæði við kjörforeldra sem og aðra sem þeim tengjast.

#### 3.1 Hugmyndir fræðimanna um tengslamyndun

Geðtengsl eru í einfaldasta skilningi þau tilfinningalegu tengsl sem einstaklingur myndar við sína nánustu, oftast við foreldra. Þau eru gagnkvæm og byggja á samskiptum og svörun barns og foreldris (Sigrún María Kirstinsdóttir, 2009). Í þessum kafla verður fjallað um tilfinningasambandið milli barns og foreldris eða umönnunaraðila þess ásamt helstu kenningum sem fræðimenn hafa sett fram um tengslamyndun.

John Bowlby er oft kallaður höfundur tengslakenningarinnar vegna hugmynda sem hann þróaði um tengslamyndun. Hann var uppi á árunum 1907 til 1990 og birti kenningar sínar í þremur bindum árin 1973, 1980 og 1984. Hann reyndi að sýna fram á mikilvægi tengsla í frumbersku á milli móður og barns og taldi að grundvallarþörf barns, svo það gæti upplifað sig öruggt og verndað væri tengslamyndun (Bowlby, 1984). Rannsóknir hans fjalla um tengsl móður og barns, aðskilnað, aðallega aðskilnaðarkvíða barns og um missi sem fjallar um sorg barns sem upplifir missi í frumbersku (Bowlby, 1973, 1980, 1984). Hann taldi það þörf manneskjunnar að finna vernd og öryggi sem væri jafnframt frumskilyrði fyrir þroska og þróun persónuleika og að aðskilnaður barns við móður eða umönnunaraðila á fyrsta ári leiddi til þess að barn fyndi fyrir streitu og annarri vanlíðan. Hann taldi að næmniskeið barna væri á aldrinum sex til tólf mánaða og þá væri best fyrir

þau að mynda geðtengsl. Nýrri rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að börn séu fær um að mynda geðtengsl fram yfir þennan aldur þó það verði sífellt erfiðara því lengur sem það dregst (Bowlby, 1973; Bretherton, 1992). Bowlby taldi að samband ungabarns við foreldra hefjist strax við fæðingu með meðfæddum merkjum sem kalla á foreldra til að vera hjá barni sínu og öruggt og ástúðlegt samband myndast svo með tímanum með hlýrri umönnun. Það getur þó ýmislegt komið upp á sem truflar þetta ferli eins og veikindi foreldra eða eigin reynsla þeirra af geðtengslum (Berk, 2007). Foreldrar geta þó bætt geðtengslin síðar ef þau hafa ekki verið eins og best verður á kosið á fyrstu ævimánuðum barnsins. Mikilvægt er að fullnægja öryggisþörf barns á fyrstu ævimánuðum því ef það misferst getur það leitt til óöryggis og hræðslu sem hefur áhrif á almennan þroska barnsins. Bowlby taldi að foreldrar ættu að hvetja börn sín til að rannsaka umhverfið þegar foreldrar væru nálægir. Þannig geta börn skoðað sig um en gengið að öryggi foreldra finni þau fyrir hræðslu. Nálægð foreldra skiptir því miklu máli og hefur áhrif á getu barna til að halda andlegri heilsu og mynda tilfinningatengsl við aðra síðar á ævinni (Berk, 2007; Berk, 2009).

Samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum Bowlby (1988) eru börn sem alast upp án öruggra geðtengsla sem veita þeim nauðsynlegan stuðning og hvatningu líklegri til að vera daprari og upplifa frekar erfiðleika í lífinu, sér í lagi í nánum samböndum, en önnur börn. Það er því mikilvægt fyrir börn að mynda tengsl við foreldra svo þau upplifi sig örugg og vernduð (Bowlby, 1984). Tengslakenningar fjalla einmitt um þörf einstaklings til að mynda nán tilfinningatengsl. Með kenningu Bowlby um tengslamyndun gjörbylti hann hugsun manna um samband barns við móður og slit þess vegna aðskilnaðar, sviptingu og ástvinamissis. Mary Ainsworth prófaði svo margar af hugmyndum Bowlby með nýstárlegri aðferðum og víkkaði kenninguna með nýjum hugmyndum. Því má segja að tengslakenningin sé sameiginleg kenning Mary Ainsworth og John Bowlby (Ainsworth og Bowlby, 1991; Bretherton, 1992). Bowlby skipti geðtengslum barna í fjögur stig. Fyrsta stigið er forstig geðtengsla sem varir frá fæðingu til um 12 vikna aldurs. Það einkennist af meðfæddum merkjum sem barn sendir frá sér eins og að snúa höfði sínu í þá átt sem það heyrir rödd móður sinnar og fylgir henni með augum sínum. Annað stigið varir frá 12 vikna aldri til um hálfis árs. Þá er barnið farið að mynda tengsl og bera traust til móður sinnar. Barnið verður oft mjög háð móður sinni og getur brugðist illa við ef hún er ekki nálæg. Það sýnir einnig önnur viðbrögð við aðra aðila en móður sína ætli þeir sér að sinna því. Þriðja stigið varir frá rúmlega hálfis árs aldri til um tveggja ára aldurs og þá eru geðtengsl á milli barns og móður orðin mjög skýr þar sem ótti barns getur komið fram í ótta við ókunna aðila. Barnið telur sig í öruggu skjóli hjá foreldrum á þessu tímabili, það sýnir aðskilnaðarkvíða ef það er tekið frá móður sinni eða umönnunaraðila. Á fjórða stigi sem



varir frá tveggja ára aldri og út alla ævina eru börnin svo orðin fær um að mynda gagnkvæm tengsl (Berk, 2009). Umfjöllun Bowlby's um mikilvægi þess að bæði foreldrar og börn myndi góð tilfinningatengsl sem eru grunnur þroska barna tengjast að nokkru leyti kenningum heimspekingsins og þroskasálfræðingsins Jean Piaget sem var uppi á árunum 1896 til 1980 en líkt og Bowlby setti hann kenningu sína upp í fjögur stig. Kenning hans var um vitsmunabroska þar sem hann taldi að börn væru virkir þátttakendur í vitrænum þroska sínum og hafði kenning hans mikil áhrif á rannsóknir um þroska barna (Berk, 2007). Í kenningu sinni segir Piaget að með aukinni reynslu og þroska barna fari þau í gegn um þessi áðurnefndu fjögur stig en þau eru skynhreyfistig, á því stigi er barnið núll til tveggja ára og lærir á umhverfi sitt með því að nota skynfæri sín og hreyfifærni en í lok þessa stigs hafa ósjálfráð viðbrögð barnsins þroskast og það farið að nota raunverulega hugsun. Foraðgerðastigi er barn á þegar það er tveggja til sex ára, á þessu stigi getur það notað tákni yfir hluti en getur ekki séð hlutina út frá öðru sjónarhorni en sínu eigin. Á stigi hlutbundinna aðgerða eru börn sjö til 11 ára, rökhugsun verður betri, þau geta farið að fylgja flóknum reglum í leikjum til dæmis og fara að átta sig betur á hugtökum. Síðasta stigið er stig formlegra aðgerða en það hefst frá 11 til 12 ára aldri og er út allt lífið, á þessu stigi geta einstaklingar hugsað kerfisbundið og rökrétt (Gebhardt, Grant, Georgi og Huber, 2008) Piaget lagði sitt af mörkum í umfjöllun um mótun sjálfsmýndar með þroskakenningu sinni og tengist hún sjálfi einstaklings sem og öðrum atriðum sem máli skipta í myndun sjálfsmýndar. Stig þeirra Bowlby og Piaget voru á ólíku aldursbili þar sem í tengslakenningu Bowlby's hafa börn gengið í gegn um öll fjögur stigin um tveggja ára aldur en í vitsmunabroskakenningu Piaget um 12 ára aldur.

Mary Ainsworth var samstarfsmaður Bowlby's á sínum tíma og vann náði að athugunum og fræðilegum greinum með honum um tengslamyndun á milli ungbarna og mæðra þeirra. Hún mótaði tengslamyndakenninguna áfram með sjálfstæðum rannsóknum og taldi að hegðun og sjálfsmýnd barns væri undir miklum áhrifum frá tengslamyndun móður og barns (Ainsworth, Blehar, Waters og Wall, 1978). Samkvæmt Ainsworth upplifir barn öryggi ef því er sinnt af móður sinni þegar það kallar á hana en getur upplifað óöryggi og kvíða ef hún sinnir ekki kalli barnsins. Ainsworth er þekktust fyrir rannsókn sína, *Ókunnar aðstæðu* sem fjallar um tengslamynstur móður og barns við eins árs aldur. Rannsóknin sýnir fram á hvernig barnið getur leitað til foreldris sem öruggar hafnar í þeim aðstæðum sem það þekkir ekki og hvernig það tekur móður sinni þegar hún snýr aftur eftir fjarveru sem og ókunnugum sem mætir í stað hennar. Rannsóknin sýnir fram á fjögur mismunandi mynstur geðtengsla. Fyrsta mynstrið eru örugg tengsl sem barnið sýnir ef það skoðar umhverfið og notar móður sína sem örugga höfn. Það velur móðurina fram yfir ókunna aðila og leitar strax til hennar þegar hún

kemur aftur eftir að hafa yfirgefið svæðið í stutta stund. Ef barnið hefur ekki myndað örugg tengsl getur það sýnt annað mynstrið sem eru óörugg tengsl, þar sem barnið verður tortryggið gagnvart umhverfi sínu og sýnir svipuð viðbrögð hvort sem það er gagnvart móður sinni eða ókunnugum. Barnið getur jafnframt sýnt engin eða takmörkuð viðbrögð. Í þriðja mynstri eru einnig óörugg tengsl sem kallast tvíbent tengsl en í því mynstri fara börn í mesta uppnámið við aðskilnað og gráta mikið. Móður gengur illa að huggabarnið þegar hún snýr aftur og sýnir þörf fyrir umhyggju en er á sama tíma árásgjarnt. Í fjórða tengslamyndun sem var ekki greint fyrr en eftir nokkrum árum eftir að upphaflega rannsóknin var gerð sýna börn oft merki um óörugg tengsl auk þess að sýna trufluð viðbrögð eins og að hlaupa til móður sinnar en stöðva á miðri leið eða sýna álíka einkenni um ótta. Samkvæmt Ainsworth er svo hægt að segja fyrir um þroska og samskiptahæfni barnsins um ókomin ár út frá því hvaða tengslamyndur barn sýnir (Ainsworth, o.f., 1978). Kenningar Bowlby's og Ainsworth styðja því kenningu um að tengsl móður og barns séu mikilvæg og að tengslamyndun í bernsku skiptir sköpum fyrir ævi barns (Berk, 2009).

Uppfylla þarf grunnþarfir barns til að það geti myndað góð tengsl við foreldra. Þegar foreldrar brosa til barns síns, strjúka því og gæla við það sýna þeir fyrstu skilaboðin sem börn fá um tengsl frá foreldrum sínum og með því tengist barnið foreldrum sínum með sterkum jákvæðum böndum. Þannig finnur barnið fyrir öryggi og lærir að þekkja eigin tilfinningar og hvernig er best að láta þær í ljós. Hins vegar eru líkur á því að barnið eigi erfitt með að elska sjálf sig og aðra finni það ekki fyrir tengslum við foreldra (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1986). Að mynda góð tengsl á milli foreldra og barns er langvarandi ferli sem þarfnast vinnu og trausts þar sem barnið lærir að bera traust til foreldra sinna. Barnið verður svo öruggara og heilbrigðara eftir því sem tengslin eru sterkari sem auðveldar öll samskipti hjá barninu. Það lærir að vinna betur úr tillfinningum, áföllum og takast á við erfiðleika. Það er því ljóst að fyrstu árin í lífi barns eru mikilvæg varðandi tengslamyndun en það er þá sem persónuleiki barna mótast að miklu leyti (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Þrátt fyrir að tengslakenningar Bowlby's hafi sett grunn að hugmyndum fólks um tengslamyndun og þá þjónustu sem börn þurfa að fá sem glíma við vanda tengdan tengslum, hefur hann hlotið gagnrýni fyrir að hann talar alltaf bara um einn aðal umönnunaraðila barns þrátt fyrir að á mörgum stöðum í heiminum tíðkist að ábyrgðin á barninu deilist á nokkra aðila eins og til dæmis föður, afa og ömmur og jafnvel frændfólk (Beckett og Taylor, 2010). Ekki eru öll börn sem fá tækifæri til að mynda góð geðtengsl við líffræðilega foreldra sína og eru ættleidd börn dæmi um það. Því skiptir sköpum fyrir ættleidd börn og kjörforeldra að ná að mynda góð tengsl sín á milli (Roberson, 2006; Levi og Orlans, 2000). Hér á eftir verður fjallað stuttlega um

tengslamyndun ættleiddra barna og hvernig þeim tekst að mynda góð tengsl við kjörforeldra sína.

### 3.2 Tengslamyndun ættleiddra barna

Forvitni og vangaveltur um upprunann eru algengar meðal ættleiddra barna. Börn af öðrum uppruna en kjörforeldrar þeirra sjá fljótt að þau hafa ekki sama litarhátt og foreldrarnir og vilja vitaskuld fá svör við því hvers vegna þau eru öðruvísi en aðrir fjölskyldumeðlimir. Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á tengslamyndun sýna fram á að með aukinni þekkingu á upprunamenningu sinni aukist líkurnar á því að ættleidd börn upplifi erfiðleika í tengslamyndun (Friedlander, 1999; Beckett o.fl., 2008). Eigi tengslamyndun sér ekki stað fyrsta æviárið eru líkur á vantrausti og erfiðleikum þegar kemur að tengslamyndun milli barns og umönnunaraðila þess. Þetta á til dæmis við þegar barn hefur þurft að vera í umsjá margra umönnunaraðila eða dvelja á spítala fyrsta æviárið. Dæmi eru um ættleidd börn sem eiga í miklum erfiðleikum við að mynda tengsl við kjörforeldra og einangra sig sama hversu elskuleg nýja fjölskyldan og kjörforeldrarnir eru gagnvart þeim. Börnin hafa þá líklega upplifað ofbeldi, vanrækslu eða dvalið á mörgum stofnunum í lengri tíma áður en þeim hefur verið komið fyrir hjá kjörforeldrum (Hughes, 1999; Weidman, 2006; Levy og Orlans, 2000). Flestum ættleiddum börnum tekst þó að mynda góð tengsl við nýju kjörforeldra sína sem gerir það að verkum að þau þroskast vel og aðlagast nýju umhverfi (Juffer og Tieman, 2009).

Í bókinni *Handbook of attachment interventions* er talað um fimm lykil áhrifaþætti sem hafa áhrif á tengslamyndun ættleiddra barna. Sá fyrsti er að tengsl móður og barns byrja að myndast í móðurkviði og að mæður sem eru sáttar við þungunina eignast heilbrigðari börn, númer tvö er að því yngra sem barn er þegar það er ættleitt því meiri líkur eru á góðum geðtengslum og eðlilegum félagslegum þroska. Þriðji áhrifaþátturinn er misnotkun, þau börn sem hafa upplifað misnotkun eða vanrækslu af einhverju tagi eiga erfiðara með að mynda þessi góðu tengsl, fjórði er hversu oft barnið var flutt á milli staða fyrir ættleiðingu en það hefur ekki góð áhrif á tengslamyndun seinna meir og fimmti þátturinn er hæfni kjörforeldra eftir ættleiðingu en kjörforeldrar sem eru undirbúnir bæði tilfinningalega og vitsmunalega eru betur í stakk búnir til að takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma í tengslum við ættleiðinguna (Levy og Orlans, 2000). Ættleidd börn hafa mörg hver dvalið á stofnun fyrstu mánuði og jafnvel ár lífs síns þar sem umönnunin var í lágmarki, þau hefur þar af leiðandi skort nán tengsl við umönnunaraðila sem getur haft áhrif á siðferðiskennd þeirra sem brýst út með óæskilegri hegðun eins og lygi, stuldri og ýgi (Purvis o.f., 2007). Með þessu má sjá að ást, umhyggja og jákvæð athygli frá umönnunaraðila eru nauðsynlegir þættir til að þroski barna geti orðið eðlilegur.

Samkvæmt Valgerði Baldursdóttur barnageðlækni þá geta tengsl barns við kjörforeldra verið mismikil, stundum meiri við móður og stundum meiri við föður. Valgerður segir að ef barn á í erfiðleikum með samskipti eða hegðun til dæmis þá getur hjálpað að kjörforeldrar horfi í sinn eigin bakgrunn eins og aðskilnað og sorg sem þeir hafa upplifað í sínum uppvexti til að setja sig betur í spor barna sinna (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Ættleidd börn hafa mismunandi tengslasögur að baki sér og hafa þau öll upplifað svokölluð tengslarof, sum hver oftast en einu sinni. Mikilvægt er fyrir kjörforeldra að átta sig á fyrri reynslu barna sinna og einnig að þeir hafi skýrar væntingar til tengslamyndunar, þeir þurfa að vera undirbúnir til að takast á við erfiða hegðun sem getur birst af völdum tengslarofa sem leitt geta til tengslaröskunar og geta haft áhrif á félagsfærni og sjálfsmynd þeirra seinna meir (Hrefna Friðriksdóttir, 2011; Levy og Orlans, 2000; Roberson, 2006).

### 3.3 Áhrif tengslarofa

Einkennum sem börn með tengslarof sýna hefur verið líkt við ofvirkni og einhverfu, börnin hegða sér þá líkt og þau séu með þessa sjúkdóma en eru samt sem áður ekki með þá (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Hegðun þessi getur horfið alveg eftir rétta meðferð og meðhöndlun á þeirri sorg og erfiðu aðstæðum sem þau hafa þurft að upplifa í frumbersku (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Það getur verið erfitt fyrir kjörforeldra að sætta sig við að barnið þeirra tengist þeim ekki sem skyldi. Ættleidd börn sem ná ekki að mynda þessi góðu tengsl við kjörforeldra sína þola oft ekki þá nánd sem þeir sýna þeim og er það dæmi um tengslaröskun (Roberson, 2006; Levy og Orlans, 2000).

Tengslaröskun er röskun sem verður vegna tengslarofa barna við umönnunaraðila sína í frumbersku. Röskunin er alvarleg og kemur oftast fram fyrir fimm ára aldur barns. Megin ástæður þess að börn greinast með tengslaröskun er að þau hafa ekki fengið nægilega örvun og umönnun fyrstu mánuði lífs síns eða að þau hafa skipt of oft um umönnunaraðila og ekki náð að mynda góð tengsl við neinn (Hornor, 2008). Ættleidd börn eru óneitanlega í meiri áhættuhópi hvað varðar tengslaröskun, þau eiga oft erfitt með að mynda traust geðtengsl við kjörforeldra sína vegna fyrri reynslu, það þarf þó ekki að vera að þau hafi þurft að þola vanrækslu eða illa meðferð heldur er skortur á umhyggju og ást nóg til að slík röskun mótist (Hornor, 2008; Haugeard, 2008; Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Tengslaröskun er annaðhvort hamlandi eða óhamlandi. Hamlandi tengslaröskun lýsir sér þannig að barn á í erfiðleikum með að mynda tengsl hvort sem það er við kjörforeldra eða aðra nákomna því, það er á varðbergi gagnvart öðrum og sýnir mikið vantraust, samskipti eru því erfið og barnið heldur stanslaust aftur af sér með því að halda sig til hlés og forðast alla hlýju. Óhamlandi tengslaröskun er andstæðan við þetta en á allt

annan veg því þau börn sem þjást af þessari röskun sýna öllum athygli hvort sem það eru ókunnugir eða ekki. Þessi börn geta tekið jafn miklu ástfóstri við konuna á undan í röðinni og við kjörforeldri sitt sem getur verið mjög sársaukafull upplifun fyrir kjörforeldri. Þau sýna enga varúð og virðast í raun mynda geðtengsl við hvern sem er (Hornor, 2008). Samkvæmt rannsóknum sem gerðar voru á börnum ættleiddum frá Rúmeníu benda niðurstöður þeirra til þess að líkurnar á tengslaröskun aukist því lengur sem börn dvelja á stofnun. Einnig leiddu þær í ljós að börn með hamlaða tengslaröskun ná frekar bata en börn með hömlulausa tengslaröskun. Þau ná betri tengslun við kjörforeldra sína heldur en þau börn sem greind eru með óhömluð tengslaröf en þau eiga oftast erfitt með að læra eðlileg samskipti og eru meiri líkur á því að þau þurfi aðstoð frá fagaðila (Haugaard, 2008).



#### 4 Áhrif upprunamenningar á ættleidd börn

Upprunamenning ættleiddra barna er misjöfn. Þegar einstaklingar eða pör ákveða að ættleiða barn þarf að huga að ýmsum atriðum sem tengjast þörfum lítilla barna og allir foreldrar þurfa að huga að. Kjörforeldrar þurfa að leggja talsvert meira á sig því þeir mega ekki gleyma þeirri staðreynd að barnið þeirra mun eiga sér annan bakgrunn, sögu og í flestum tilfellum annan húðlit en þeir sjálfir. Í langtímarannsókn sem gerð var af þeim Rita Simon og Howard Altstein árið 1992 um samband ættleiddra barna við systkini sín og foreldra sem og hvernig þeim gengi í skólanum og félagslegum samskiptum, kom í ljós að enginn munur væri á milli þessara barna og barna sem alast upp hjá líffræðilegum foreldrum sínum (Mohanty og Newhill, 2005). Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa góða mynd af því að líðan ættleiddra barna getur verið mjög góð, spurningin er þó hvernig hægt sé að tryggja að svo verði.

Þrátt fyrir að þeir Simon og Altstein (1991) komist að góðum niðurstöðum þegar kemur að líðan ættleiddra barna þá sýndu rannsóknir þeirra samt sem áður fram á að yfir þriðjungur þeirra barna sem þátt tók í rannsókninni höfðu upplifað stríðni sem fólst til dæmis í því að vera uppnefnd vegna uppruna síns og litarháttar. Þau nefndu einnig að sú staðreynd að þau litu öðruvísi út en foreldrar þeirra og systkini hefði valdið þeim vandamálum. Jafnvel þó að ættleidd börn geti sagt frá því frá unga aldri að þau séu ættleidd þá skilja þau hugtakið sjálft ekki sem skyldi fyrr en þau komast á grunnskólaaldur (Brodzinsky, Singer and Braff, 1984). Erfiðleikar sem ættleidd börn eiga til að glíma við í sambandi við ættleiðinguna koma oft ekki í ljós fyrr en þau ná þessum skilningi eða í kring um fimm til sjö ára aldurinn. Þessir erfiðleikar geta verið margvíslegir en þeir helstu eru að þrátt fyrir að börnin upplifi ættleiðinguna sjálfa frekar jákvætt heldur en neikvætt þá kemur það ekki í veg fyrir að stundum verði þau stressuð þegar kemur að stöðu þeirra í fjölskyldunni og upplifi ákveðinn missi við líffræðilega foreldra sína (Mohanty og Newhill, 2005; Reinoso, Juffer og Tieman, 2013). Á þessu stigi verða þau líka oft forvitin um uppruna sinn og líffræðilega foreldra og fara sum einnig að sýna óæskilega hegðun að einhverju leyti (Mohanty og Newhill, 2005; Smith and Brodzinsky, 1994). Arndís Þorsteinsdóttir sálfræðingur og fræðslufulltrúi hjá Íslenskri ættleiðingu kemur með gott dæmi um það hversu eðlilegt viðhorf til líffræðilega foreldra kjörbarns eigi að vera með því að segja að rétt eins og að börn vita hver hlutverk mömmu sinnar og ömmu eru þá séu þau jafn fljót að læra að líffræðilegir foreldrar þeirra gegni allt öðru hlutverki heldur en

kjörforeldrarnir. Þau börn sem alast upp við þessa vitneskju vita að allir þessir aðilar eru til og að allir eru þeir mikilvægur hluti af lífi þeirra (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Í rannsókn þeirra Smith og Brodznisky (1994) sem gerð var meðal ættleiddra barna á aldrinum sex til 17 ára sem áttu öll það sameiginlegt að hafa verið ættleidd fyrir tveggja ára aldur, kom fram að ættleidd börn geti upplifað erfiðleika tengda ættleiðingunni þrátt fyrir að hafa verið ættleidd ung. Það getur komið kjörforeldrum talsvert í opna skjöldu að börn þeirra fari að upplifa þess konar erfiðleika vegna þess hve ung þau voru þegar þau komu inn í fjölskylduna. Þeir þurfa því að hafa í huga að vitsmunalegur þroski barnanna er einmitt að aukast á þessu aldurstigi en það þýðir að þau eru að ná auknum skilningi og þroska til dæmis við að leysa vandamál og rökrétta hugsun. Eins og áður hefur komið fram þá hafa rannsóknir sýnt að ættleiddum börnum líður almennt vel, en þær hafa einnig sýnt að mörg þeirra eru óviss um þjóðerni sitt og mæta því erfiðleikum þegar þau þurfa að takast á við fordóma sem og mismunun (Wilson, 2004). Í rannsóknunum sem gerðar voru árin 1977 og 1984 meðal barna ættleiddra frá Kóreu til Bandaríkjanna inn í hvítar fjölskyldur kom í ljós að flest þessara barna höfðu miklar áhyggjur af útliti sínu og áttu það til að hafna algjörlega sínum upprunalega bakgrunni. Í þessum rannsóknunum kom einnig fram að þau börn sem sýndu stolt gagnvart uppruna sínum aðlöguðust betur bæði félagslega og sálarlega (Mohanty og Newhill, 2005). Nýjar rannsóknir styðja þessar niðurstöður en þær benda á hversu mikilvægt það sé ættleiddum börnum að kynna upprunamenningu sinni því tengslin við upprunann veiti þeim sterkari sjálfsmynd (Jórunn Elísdóttir, 2010; Mohanty og Newhill, 2005). Þegar kemur að upprunamenningu ættleiddra barna þá virðist alltaf skína í gegn að þau börn sem eru stolt af uppruna sínum og finna ekki til skammar vegna húðlitar síns eru betur stödd hvað varðar sjálfstraust og trú á eigin getu.

#### **4.1 Sjálfsmynd ættleiddra barna**

Þegar orðinu sjálfsmynd er flett upp í orðabók kemur í ljós að það þýðir í raun hugmynd manns um sjálfan sig til líkama og sálar (Árni Böðvarsson, 1985). Flest höfum við einhverjar hugmyndir um okkur sjálf, hver við erum og hvers vegna. Líkt og aðrir hafa ættleidd börn þörf fyrir að tengja við einhvern uppruna eða sögu en oft á tíðum er það þeim erfitt þar sem upplýsingarnar eru ef til vill af skornum skammti. Sjálfsmynd einstaklings byggist á því hvernig sá hinn sami skilgreinir sjálfan sig og aðgreinir sig frá öðrum. Þegar sjálfsmynd barna er í mótun skiptir miklu máli að foreldrar geri sér grein fyrir því að þeir eru fyrirmyndir þeirra (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Sjálfstraust er hugtak sem mikið ber á í nútíma samfélagi okkar. Þegar fótboltamönnum gengur illa á vellinum og tapa jafnvel leik þá er oftast en ekki talað um að þeir hafi verið með lélegt



sjálfstraust í leiknum. Hvort sem það er rétt eða ekki þá verður ekki frá því komist að aukið sjálfstraust skapar okkur betri sjálfsmynd sem eykur vellíðan og velgengi. Orðið sjálfstraust þýðir það sama og sjálfsöryggi, einstaklingur með sjálfstraust hefur trú á sjálfum sér, eigin verðleikum og er öruggur í framkomu (Árni Böðvarsson, 1985). Sjálfstraust er talið vera einn mikilvægasti þáttur sem einstaklingar þurfa að hafa til þess að ná andlegum heilbrigðum þroska. Það að vera með lélegt sjálfstraust getur leitt til óæskilegrar hegðunar eins og árásargirni og andfélagslegrar hegðunar (Juffer og Ijzendoorn, 2007). Þetta á ekki endilega um ættleidd börn frekar en önnur og margt fólk glímur við lélegt sjálfstraust þrátt fyrir að hafa alist upp hjá líffræðilegum foreldrum sínum. Samt sem áður eru ættleidd börn í meiri áhættu á að öðlast lélegt sjálfstraust fái þau ekki fræðslu sem nauðslynleg er í sambandi við uppruna þeirra.

Þjóðernisleg sjálfsmynd (*ethnic identity*) og stolt í garð upprunamenningar sinnar eru bæði mikilvægir hlutir til þess að þróa með sér jávæða sjálfsmynd og öðlast gott sjálfstraust (Mohanty og Newhill, 2005). Góð leið að mati sálfræðinga er að kjörforeldrar byrji snemma að tala við barn sitt um ættleiðinguna. Mælt er með því að kjörforeldrar undirbúi sjálfa sig strax við upphaf ættleiðingarinnar með því að ákveða hvernig tala eigi um bæði líffræðilega foreldra barnsins sem og ættleiðinguna sjálfa. Með því að byrja strax að segja barninu söguna um ættleiðinguna með barnslegu ívafi síast hugmyndin um ættleiðinguna inn í barnið þrátt fyrir að það geti ekki skilið hugtakið sem slíkt fyrr en um fimm ára aldurinn eins og áður kom fram (Mohanty og Newhill, 2005). Þegar barnið nær þessum vitsmunalega þroska í kring um fimmta aldursárið fer það að vilja vita meira um hvernig það varð til eins og hver önnur börn hvort sem þau eru ættleidd eða ekki. Þá er gott fyrir kjörforeldrana að vera búnir að undirbúa barnið með sögunni góðu og tengja hana við kynforeldrana með notkun flóknari hugtaka eins og til dæmis „*móðir þín sem fæddi þig í Kína*“. Með þessum hætti elst barnið upp með þá vitneskju að það sé ættleitt og telja sérfræðingar það vera bestu leiðina því þannig verður vitneskjan um ættleiðinguna eðlilegur hlutur sjálfsmyndar þess (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort þekking ættleiddra barna á upprunamenningu sinni geti haft áhrif eða hafi áhrif á sjálfsmynd. Í niðurstöðum þessara rannsókna kemur fram að þau börn sem ekki fá tækifæri til að kynnst uppruna sínum hafi minna sjálfsálit og verði frekar fyrir einelti heldur en þau sem fá fræðsluna (Hawkins o.fl., 2007). Í öðrum rannsóknum sem gerðar hafa verið um sjálfsálit ættleiddra barna eru niðurstöður svipaðar, ættleidd börn sem hafa neikvæða ímynd af uppruna sínum eru í meiri áhættu á að upplifa sálræna erfiðleika heldur en börn sem hafa jákvætt hugarfar í garð uppruna síns (Mohanty og Newhill, 2005). Rannsóknir hafa sýnt að ættleidd börn hafi ekki minna sjálfstraust heldur en börn sem alast upp hjá líffræðilegum foreldrum sínum (Mohanty og

Newhill, 2005). Ættleiðingin er jákvætt ferli sem veitir þeim betra líf og eru þau oftast nær fljót að ná jafnöldrum sínum, fái þau næga örvun, ást og umhyggju frá kjörforeldrum sínum. Kjörforeldrar eru oftast vel upplýstir og geta tekist vel á við þau vandamál sem upp kunna að koma, minna er þó vitað um hvernig kjörforeldrar líta á og tileinka sér vitneskju um upprunamenningu barns síns en sjálfsmýnd barna mótast eftir þeirri menningu sem þau alast upp við og þau viðhorf sem eru á heimilinu (Juffer og Ijzendoorn, 2007; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Ættleidd börn sem hljóta fræðslu um uppruna sinn eiga betri kost á því að mynda með sér tvímenningarlega félagsmótun og sjálfsmýnd og mun því hugtaki vera líst hér að neðan.

#### **4.1.1 Tvímenningarleg félagsmótun**

Tvímenningarleg félagsmótun einstaklings myndast þegar margskonar þættir tveggja menningarheima viðkomandi tvinnast saman eins og tungumál, siðir og aðrar venjur sem eru mismunandi á milli landa. Talið er að fyrstu æviárin séu hvað mikilvægust þegar kemur að tvímenningarlegri félagsmótun en hún er mest mótanleg á þeim tíma og leggur í raun grunn að þeirri sjálfsmýnd sem einstaklingur skapar með sér seinna meir (Berk, 2005; Thomas og Tessler, 2007). Þar sem að foreldrar eru mikilvægustu einstaklingarnir í lífi barna sinna er mikilvægt að þeir geri þeim kleift að öðlast þessa tvímenningarlegu félagsmótun því án þeirra stuðnings er erfitt fyrir börnin að fræðast. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna meðal ættleiddra barna um áhrif tengsla við upprunamenningu sína þá hafa tengslin áhrif á sjálfsmýnd þeirra (Thomas og Tessler, 2007). Með tvímenningarlegri félagsmótun myndar einstaklingur tvímenningarlega sjálfsmýnd sem verður lýst hér á eftir.

#### **4.1.2 Tvímenningarleg sjálfsmýnd**

Sjálfsmýnd er tvímenningarleg þegar hún mótast af tveimur menningarheimum. Samkvæmt Dorow (2006) er það góð regla fyrir kjörforeldra að temja sér jákvætt viðhorf til upprunamenningar barna sinna og reyna eftir bestu getu að koma á einhverskonar tengingu á milli tveggja heima. Vissulega þarf að fara varlega þegar kemur að svo viðkvæmu máli eins og til dæmis líffræðilegum foreldrum barnanna og þurfa kjörforeldrar því að mynda með sér sínar eigin áherslur sem henta hverju barni fyrir sig. Þrátt fyrir að á heildina litið sé líðan ættleiddra barna góð og þau nái vel að aðlagast, þá verða þau samt sem áður oft fyrir óþægilegri reynslu vegna litarháttar síns. Þau börn sem hafa hlotið fræðslu um uppruna sinn geta fyllst stolti af upprunamenningu sinni og mynda þannig skel séu þau beitt misrétti af einhverju tagi (Smith og Brodzinsky, 1994; Mohanty og Newhill, 2005). Samkvæmt Reinoso o.fl. (2013) getur það að vera ættleiddur haft áhrif á

sjálfsvitund og nán sambönd sem einstaklingur þróar með sér alla ævi. Fræðimenn hvetja foreldra ættleiddra barna til að kynna upprunamenningu þeirra fyrir þeim og gefa þeim tækifæri til að alast upp með tvímenningarlega sjálfsmynd því rannsóknir hafa sýnt að hafi barn góða tvímenningarlega sjálfsmynd öðlast það betra sjálfstraust, jákvæða þjóðernislega sjálfsmynd, meiri menntun og betri samfélagslega aðlögun sem fullorðinn einstaklingur (Thomas og Thessler, 2007; Lee, 2003, Reinoso o.fl., 2013).

Þess vegna er mikilvægt að foreldrar sem og aðrir sem koma að uppeldi ættleiddra barna geri allt sem í þeirra valdi stendur til að byggja upp sem besta sjálfsmynd þeirra.

#### **4.2 Hlutverk kjörforeldra í að fræða börn sín um upprunamenningu þeirra**

Kjörforeldrar geta átt í erfiðleikum með að átta sig á hvaða hlutverki eða skyldum þeir gegna í því að veita börnum sínum upplýsingar varðandi upprunamenningu þeirra. Hversu langt þeir eiga að ganga getur verið flókið fyrirbæri svo ekki sé nefnd sú staðreynd að hugsanlega viti þeir lítið sem ekkert um þá menningu sem barnið fæddist inn í (Reinoso o.fl., 2013; Jórunn Elísdóttir, 2013). Það eru engir aðrir en kjörforeldrar sem geta ákveðið hvort, hvernig og hversu mikið börn þeirra fræðist um uppruna sinn þegar þau eru lítil. Í grein Friedlander (1999) kemur fram að mikilvægt er fyrir ættleidd börn að komast í kynni við og skilja upprunamenningu sína sem og þjóðerni. Mestu máli skiptir þó að börnin séu hvött af foreldrum sínum og öðrum til þess að tjá tilfinningar sínar og skoðanir sem tengjast uppruna þeirra.

Í bókinni *Óskabörn* eftir Sigrúnu Maríu Kristinsdóttur (2009) má lesa nokkur viðtöl við kjörforeldra. Í einu þeirra segir móðir frá upplifun sinni af ættleiðingunni en hún varð þunguð á sama tíma og ættleiðing sonar þeirra gekk í gegn, sem olli því að maður hennar fór einn út að sækja drenginn. Þar sem að hann þurfti að bíða í nokkra daga eftir að fá að sækja drenginn, nýtti hann tímann í að ferðast um alla borgina og upp í sveit með leiðsögumanni. Konan nefnir svo í viðtalinu að ákvörðun manns hennar um að reyna að sjá sem mest af landinu á þeim tíma sem hann hafði hafi verið mjög skynsamleg því með þessari reynslu hafi hann meira að segja drengnum um upprunaland hans þegar hann verður eldri. Foreldrum þessa drengs var greinilega umhugað um þekkingu hans á upprunamenningu sinni og voru þau farin að huga að þeirri fræðslu sem seinna ætti sér stað strax frá upphafi. Það er ættleiddum börnum mikilvægt að fá að fræðast um upprunamenningu sína þar sem að hún er mikilvægur þáttur í þeirra sjálfsmynd. Sé fræðslunni haldið að barninu, mótast það með sér jákvæða þjóðernislega sjálfsmynd sem á endanum leiðir til þess að barnið verður að sterkum heilsteypum einstaklingi (Mohanty og Newhill, 2005). Til eru nokkrir verndandi þættir til þess að ættleiddum börnum farnist sem best þegar þau eru komin til kjörforeldra sinna. Sem dæmi um nokkra þeirra má

nefna gott sjálfstraust, þjóðernislega sjálfsmynd, vitneskju kjörforeldra um uppruna menninguna og góðir foreldrahæfileikar. Sterk jákvæð þjóðernisleg sjálfsmynd getur verndað ættleidd börn eða unglunga fyrir neikvæðum áhrifum þess að verða fyrir fordómum og mismunun sem þau því miður finna flest fyrir einhverntímamann á lífsleiðinni (Lee, 2003). Það skiptir máli að kjörforeldrar taki afstöðu til þess hvernig og hvort þeir ætli að kynna börnin fyrir upprunamenningu þeirra, gott væri fyrir þá að hafa í huga að þrátt fyrir að barn sé ættleitt aðeins nokkurra mánaða gamalt og alist upp í menningu kjörforeldra sinna þá sé mikilvægt að þau fái tækifæri til að skilja upprunamenningu sína (Friedlander, 1999). Þegar talað er um hæfni foreldra er ekki aðeins átt við að þeir þurfi að sína barninu ást, umhyggju, hlýju og stuðning heldur þurfa þeir einnig að leggja sig fram við að læra um fæðingarland barns síns og þá menningu sem þar tíðkast. Ef ættleidd börn njóta þess konar uppeldis eru miklar líkur á auknu sjálfstrausti. Leggi kjörforeldrar sig fram við að halda upprunamenningu barna sinna á lofti og kynna hana fyrir þeim með stolti, undirbýr það börnin fyrir spurningar sem þau kunna að fá seinna meir, fordóma og misrétti (Kim, 1995; Scroggs og Heitfield, 2001). Í rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2013) kemur fram í niðurstöðum að foreldrarnir, sem allir áttu ættleidd börn frá Kína, töldu allir mikilvægt að börn þeirra fengu að vera í samskiptum við börn af sama uppruna og að halda eins miklum tengslum við upprunalandið og menningu þess og hægt væri.

Ættleidd börn af öðrum litarhætti en kjörforeldrar þeirra finna fyrir meiri fordómum og mismunun, einnig fara þessi börn að upplifa ákveðinn missi við kynforeldra sína og sögu fjölskyldunnar (Smith og Brodzinsky, 1994; Reinoso o.fl., 2013). Fræðsla um upprunamenningu gæti því hjálpað að fylla upp í það tóm en foreldrar eiga það til að vanmeta þekkingu þeirra á upprunamenningu sinni (Reinoso o.fl., 2013). Samkvæmt Arndísi Þorsteinsdóttur sálfræðingi og fræðslufulltrúa hjá Íslenskri ættleiðingu er ákjósanlegast að viðhorf til líffræðilegra foreldra kjörbarns séu með þeim hætti að rétt eins og að börn vita muninn á hlutverkum mömmu sinnar og ömmu eru þá eru þau jafn fljót að læra að líffræðilegir foreldrar þeirra gegni allt öðru hlutverki heldur en kjörforeldrarnir. Þau börn sem alast upp við þessa vitneskju vita að allir þessir aðilar eru til og að allir eru þeir mikilvægur hluti af lífi þeirra (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Foreldrar ættleiddra barna geta upplifað mikla streitu þegar kemur að því að vera sífelld að reyna að gera hið rétta varðandi barn sitt. Þeir þurfa að finna leið til að kynna barninu upprunamenningu sína og á sama tíma ákveða hvað æskilegt sé að nefna og hvað ekki. Fyrst af öllu þurfa þeir að gæta vel að tilfinningum barnsins um þetta allt saman (Reinoso o.fl., 2013). Það er eins með þetta og allt annað að hinn gullni meðalvegur gildir.

#### 4.2.1 Mismunandi viðhorf kjörforeldra

Þrátt fyrir að mikil vitundarvakning hafi orðið á síðustu árum um mikilvægi þess að kjörforeldrar fræði börn sín um upprunamenningu sína er ekki algilt að allir foreldrar geri sér grein fyrir því að með fræðslunni um upprunann styðja þeir við þjóðernislega sjálfsmynd barnsins sem er mikilvægur þáttur í lífi þess og tilveru (Mohanty og Newhill, 2005; Thomas og Tessler, 2007). Sumir kjörforeldrar geta átt í erfiðleikum með að takast á við spurningar barna sinna um uppruna sinn og geta upplifað óþægilegar tilfinningar eins og til dæmis ógn. Þessir einstaklingar ættu þó að komast hjá því að láta tilfinningar sínar í ljós í návist barnsins því umfjöllunin um upprunann getur haft áhrif á vellíðan og aðlögun þess (Friedlander, 1999). Mismunandi viðhorf kjörforeldra um mikilvægi fræðslu barna sinna á uppruna sínum hafa verið sett niður í nokkrar leiðir sem þeir fylgja og munu þær helst vera kynntar hér að neðan. Þessar leiðir má finna í grein Þórunnar Elíadóttur (2013) og bendir hún þar á að þær séu byggðar á grein Quiroz (2012).

Fyrsta leiðin er þannig að kjörforeldrar mynda engin tengsl við upprunaland barns síns og ríkir því þögn um upprunann sem og litarhátt og menningu þess. Það er nánast ómögulegt að fela uppruna og sögu barnsins fyrir því og getur þessi leið haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnsins. Önnur leiðin er þannig að barnið ræður alfarið á hvaða hraða það fær upplýsingarnar. Samt sem áður hafa foreldrarnir þó vald yfir því upp að vissum mörkum til dæmis ráða þeir hvort barnið haldi sínu upprunalega nafni eða ekki. Vegna margra áhrifaþátta sem tengjast uppruna barnsins er erfitt að fylgja þessari leið eftir. Þriðja leiðin sem hér verður greint frá er sú að kjörforeldrar upplýsa börnin um ýmsa þætti tengda uppruna þeirra en þeir gera það þó á sínum forsendum og fræða börnin um það sem þeim finnst viðeigandi að þau viti. Með þessu getur skapast svokölluð yfirborðskennnd mynd af upprunalandinu sem kemur í veg fyrir að barnið geti myndað raunveruleg tengsl við landið, án þess að þessi leið sé talin slæm fyrir barnið þá hefur hún heldur ekki nein jákvæð áhrif á sjálfsmynd þess (Quiroz, 2012). Sem dæmi um það hvernig æskilegt er að tala um upprunann má nefna búið úr viðtali við einstæða móður sem ættleiddi telpu frá Kína en það kom fram í bók Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur (2009). Í því segir hún frá að þær mæðgur tali oft saman um mömmuna í Kína og þær ástæður sem hún gæti hafa haft fyrir ættleiðingunni. Kjörmóðirin segist passa að búa ekki til neina glansmynd af henni heldur segir hún dóttur sinni að kannski hafi hún verið fátæk eða veik og að þær geti ekki vitað ástæðuna, en þær viti að hún hafi verið á barnaheimili og þar hafi vel verið hugsað um hana. Með þessu er kjörmóðirin ekki að velja og hafna hverju hún kys að segja barninu frá um þennan part af uppruna þess sem gefur barninu strax góða mynd af þessum parti af lífi sínu.

Kjörforeldrar barna af öðrum litarhætti eiga sumir hættu á að beita börn sín litblindri mismunun (Richardson 2011; Svendsen, 2012; Quiroz, 2007). Hugtakið eitt og sér hljómar mjög neikvætt þrátt fyrir að þeir kjörforeldrar sem beita því ætli sér að öllum líkindum ekkert illt. Upplifi ættleidd börn af öðrum litarhætti en kjörforeldrar þeirra þessa svokölluðu litblindu mismunun getur það haft mikil áhrif þau sem einstaklinga.

#### 4.2.2 Litblind mismunun

Þeir kjörforeldrar sem falla í þá gryfju að beita börn sín litblindri mismunun taka ekki tillit til húðlitar og uppruna barns síns með því að ræða hann ekki og einnig eru til dæmi um það að þeir reyni að láta sem litarháttur barnsins sem sker sig frá öðrum í nánasta umhverfi við það líkist litarhætti hinna (Ritchardson, 2011; Jórunn Elíadóttir, 2013). Litblind mismunun þýðir sem sagt að einstaklingar sem henni beita forðast að nefna þá staðreynd að barn þeirra sé af öðrum litarhætti en þeir sjálfir. Einstaklingar, hvort sem það eru foreldrar, kennarar eða aðrir sem við koma börnum af mismunandi litarhætti og uppruna eru ef til vill hræddir um að mismuna, því þeir sem beita litblindri mismunun eru oftast ekki þeir sem síst vilja beita mismunun af einhverju tagi og er ástæðan fyrir því til dæmis að þeir vilja hlífa barninu (Dorow, 2006).

Mörg dæmi eru til um þetta og má sem dæmi nefna að ekki er óalgengt að heyra kennara segja að hann sjái ekki litarhátt eða kynþátt (Rockquemore og Laszloffy, 2005). Sá hugsunarháttur er göfugur þar sem að öll erum við jú af sama kynþættinum en það að segjast ekki sjá mun á litarhætti er líffræðilega ekki hægt nema einstaklingurinn sé blindur. Auðvelt er þó að skilja þetta sjónarhorn sem snýst um það hugarfar að mismuna engum og að allir séu jafnir. Annað dæmi þar sem litblindri mismunun er beitt, er 49 ára hvít móðir þriggja ættleiddra svartra drengja en hún var ein af 20 kjörforeldrum sem tóku þátt í rannsókn Christine Richardson (2011) um litblinda mismunun hvítra kjörforeldra svartra barna. Þessi móðir sagði drengjunum sínum að eini munurinn á þeim væri að þeir væru aðeins með meira litarefni en hún, einnig benti hún þeim á að það væru alltaf einhverjir sem myndu stríða þeim vegna litarháttar þeirra alveg eins og fólki með gleraugu eða í yfirþyngd væri strítt. Sjálf hafði hún verið barn í yfirþyngd og fannst þetta því vera svipuð dæmi. Það sem hún gerði með þessu var að líkja litarhætti og í raun upprunamenningu barna sinna við offituvandamál og það að þurfa gleraugu, að öllum líkindum hafði hún ekki illt í huga en með því að segja að munurinn lægi aðeins í meira litarefni húðarinnar neitar hún þeim vitneskjunni um þá kúgun og mismunun sem svartir menn máttu sæta og einnig um þann ójöfnuð sem þeir sæta enn þann dag í dag. Í grein Jórunnar Elíadóttur (2013) nefnir hún að samkvæmt Svendsen (2012) þá er mikilvægt fyrir barn af öðrum litarhætti en foreldrar þess að litarháttur þess og uppruni sé ekki þaggaður

niður og ekki ræddur. Barnið þarf að geta rætt þá reynslu sem það hefur af því að vera ekki eins og foreldrar sínir og jafnvel systkini og hefur það áhrif á mótun sjálfsmyndar þess (Jórunn Elíadóttir, 2013; Svendsen, 2012). Með þessu er aðallega verið að tala um börn af öðrum litarhætti en foreldrarnir þrátt fyrir að í þessari ritgerð sé áherslan á frumættleidd börn af annarri upprunamenningu en kjörforeldrar þeirra. Það þarf því ekki að vera að börn af annarri upprunamenningu en kjörforeldrar þeirra hafi annan húðlit en á Íslandi er það algengasta formið.

Þrátt fyrir að sumum foreldrum hætti til að beita litblindri mismunun þá ætti fagmenntað fólk að vita betur eins og til dæmis starfsmenn leikskóla. Umfjöllun næsta kafla kemur inn á hlutverk þeirra.

### **4.3 Hlutverk leikskóla**

Að setja barnið sitt á leikskóla getur reynst mörgun þrautin þyngri. Eftir að hafa haft barnið heima í öruggu skjóli eða hjá dagmóður þar sem aðeins eru fá börn er talsvert mikið stökk að byrja í leikskóla bæði fyrir börn og foreldra (Anna Elias, 2002). Hvort sem um er að ræða ættleidd börn eða börn sem búa hjá líffræðilegum foreldrum sínum þá þurfa þau öll á aðlögun að halda og er það einstaklingsbundið hversu lengi hún stendur yfir sem og hvernig líðan barnsins er meðan á dvölinni stendur. Því er þó ekki hægt að neita að ættleidd börn geta átt erfitt með þessa aðlögun því eins og ein kjörmóðir orðaði það þá eru þau búin að vera í þösson nánast allt sitt líf (Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, 2015; ættleiðing.is, e.d.). Í rannsókn Elsu Sigríðar Jónsdóttur og Hönnu Ragnarsdóttur (2010) kemur fram í niðurstöðum að oft þurfi ættleidd börn lengri aðlögunartíma og að foreldrar þeirra eigi erfitt með að sleppa af þeim hendinni. Kjörforeldrar geta upplifað óöryggi við að skilja barnið eftir þegar þeir skynja að barnið er óöruggt og varnarlaust. Starfsmenn leikskóla þurfa því að hafa í huga að foreldrarnir séu áhyggjufullir af þeim ástæðum og geta þar af leiðandi komið betur til móts við þá án þess að móðgast vegna gagnrýni á reynslu eða getu þeirra sem starfsmanna (Anna Elias, 2002). Starfsfólk leikskóla sem vinnur með ættleiddum börnum ætti að reikna með því að þessi börn þurfi meiri aðlögunartíma en börn sem alast upp hjá líffræðilegum foreldrum sínum, þau þurfa að ná að tengjast stofnuninni sjálfri sem og starfsfólkinu (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Þegar skoðuð er 2. grein laga um leikskóla (nr. 90/2008) má sjá að í markmiðum leikskóla skal hafa velferð og hagsmuni barna að leiðarljósi í öllu starfinu. Börnum skal veitt menntun og ummönnun í góðu og öruggu umhverfi og skulu starfshættir til dæmis mótast af umburðarlyndi, kærleika, virðingu fyrir manngildi og jafnrétti. Einnig kemur þar fram að fylgjast skuli með alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra. Kjörforeldrar þurfa að vera í sérstaklega miklu samstarfi við leikskólakennara þar sem ekki er mikið til af efni

um ættleidd börn fyrir starfsfólk leikskóla (Ættleiðing.is, e.d.). Samkvæmt Margréti Ólafsdóttur sálfræðingi þá getur leikskólaganga ættleiddra barna verið erfið. Fagfólk þarf að átta sig á þeirri staðreynd að þessi börn hafa upplifað tengslarof í frumbersku sinni þannig að viðmót þeirra sýnir oft að þau eru alltaf á tánum því fólk sem það hefur tengst hefur horfið úr lífi þeirra. Margrét segir einnig að ör mannaskipti á leikskólum séu sérstaklega óhentug fyrir ættleidd börn því það taki þau lengri tíma að mynda tengsl (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Kjörforeldrar þurfa því að hafa það í huga þegar þeir velja leikskóla fyrir barn sitt hvort starfsfólkið sé stöðugt (Ættleiðing.is, e.d.). Það skiptir sérstaklega miklu máli fyrir börn með tengslaröskun, þau eiga það til að flokkast annaðhvort undir það að vera of framhleypin eða of hafnandi við starfsfólk leikskólans en í báðum þessum tilvikum þarf barnið mikið öryggi og að ekki sé skipt ört um ummönunaraðila (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Í bæklingnum *Kjörbarnið og leikskólinn* sem gefinn var út af Íslenskri ættleiðingu má finna margar hagnýtar upplýsingar sem henta leikskólakennurum vel (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Í honum er til dæmis komið inn á tillögur að vinnu með öllum leikskólabörnum en með áherslu á kjörbarnið og er þetta bæklingur sem ætti að finnast á öllum leikskólum.

#### **4.4 Stuðningur við fræðslu um upprunamenningu**

Þó að kjörforeldrar viti ef til vill ekki mikið um upprunamenningu barna sinna þá skiptir það máli að börnin viti að þeim sé frjálst að ræða um ættleiðinguna, tjá hugsanir sínar og láta allar þær tilfinningar sem þau hafa í sambandi við ættleiðinguna í ljós hvenær og hvar sem er (Friedlander, 1999). Stuðningur sem hægt er að sýna ættleiddum börnum í sambandi við að tengjast og fræðast um upprunann gæti til dæmis verið með því að leyfa börnunum að hitta önnur börn af sömu upprunamenningu. Ættleidd börn hafa gott af því að hitta börn af sama uppruna, með því fá þau tækifæri til að deila sameiginlegri reynslu sinni og geta einnig samsamað sig öðrum sem eru líkir þeim útlitslega (Palacios og Brodzinski, 2010; Reinoso o.fl., 2013). „Við förum í útilegu Íslenskrar ættleiðingar á hverju ári og getum eiginlega ekki sleppt því. Drengurinn ljómar eins og sólin þar, og hann hvarf úr augnsýn okkar í fyrsta sinn í slíkri útilegu” segir kjörfaðir drengs sem ættleiddur var frá Indlandi (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Þessi setning lýsir því vel hversu greinilega mikilvægt er ættleiddum börnum að fá að hitta og tengjast fólki af sömu upprunamenningu. Hrefna Friðriksdóttir (2011) segir í skýrslu sinni að þau börn sem eru ættleidd á milli landa og eiga sér þar af leiðandi aðra upprunamenningu en foreldrar þeirra, eigi oft í erfiðleikum með að hafa upplifað aðra menningu og aðstæður. Af þessum ástæðum þurfa kjörforeldrar að vera tilbúnir að takast á við öll þau vandamál sem kunna að koma upp. Það eru því miklar kröfur gerðar til kjörforeldra og erfitt getur verið fyrir þá



að standa undir öllu saman. Stuðningur við kjörforeldra er mikilvægur því ýmiss stuðningsúrræði geta veitt kjörfjölskyldum meiri vellíðan og ánægju. Mikilvægt er að þessar fjölskyldur fái þjónustu og stuðning fagfólks og þá sérstaklega ef erfiðleikar steðja að því að það getur komið í veg fyrir seinnitíma vandamál (Purvis, Cross og Sunshine, 2007; Atkinson og Gounet, 2007). Í íslenskri rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2013) kom fram í niðurstöðum að stór hluti kjörforeldra hér á landi leiti sér ekki aðstoðar þrátt fyrir áhyggjur af ýmsu tagi varðandi börn sín eins og tengslamyndun, svefn, áfallastreitu og fleira, þeir nýttu sér þó flest allir þá aðstoð og stuðning sem í boði var fyrst eftir ættleiðinguna (Jórunn Elíadóttir, 2013).

Með þessu má sjá að fræðsla sem í boði er til þess að hjálpa kjörforeldrum með hin ýmsu sálarlegu vandamál sem upp kunna að koma er ekki mikil. Nefna má þó bækur sem nýlega eru komnar út á íslensku en þær heita *Árin sem enginn man* og *Máttur tengslanna* en í þeim má finna hagnýtar upplýsingar fyrir alla foreldra sem gætu komið sér vel í sumum tilfellum hjá kjörforeldrum. Lífsbók er skemmtileg hugmynd af því hvernig hægt er að kynna ættleidd börn fyrir uppruna sínum strax frá unga aldri. Á Íslandi hafa verið haldin námskeið af Gíslínu V. Ólafsdóttur um gerð slíkrar bókar. Lífbókin tengir fortíð barns við nútíð með myndum og texta alveg frá fæðingu þess og þar til það kom í hendur kjörforeldra sinna, eftir því sem gögn sem fylgdu barninu leyfa. Í byrjun þessara bóka er oftast sagt frá líffræðilegum foreldrum barnsins, upprunalandi þess og menningu, barnaheimili eða fósturforeldrum og endar hún svo oftast á myndum og texta þar sem kjörforeldrarnir eru komnir að ná í barnið og það komið heim (Gíslína V. Ólafsdóttir, 2009). Slík bók getur verið mikill stuðningur fyrir kjörforeldra og hjálpað þeim við að svara spurningum barnsins um útlit sitt og uppruna.

Þó svo að ekki sé mikill stuðningur við kjörforeldra í sambandi við fræðslu um upprunamenningu þá hefur félagið Íslensk ættleiðing veitt kjörforeldrum stuðning með ýmsum námskeiðum og fræðslu í formi bæklinga (Íslensk ættleiðing, e.d.). Einnig fá kjörforeldrar mikinn stuðning hver frá öðrum og eins og niðurstöður Bandarískrar rannsóknar leiddi í ljós þá töldu þátttakendur hennar sem voru 500 kjörforeldrar, að bestu stuðningurinn sem hægt væri að fá væri einmitt í formi samskipta við aðra kjörforeldra (Atkinson og Gonet, 2007).



## 5 Lokaorð

Eftir skrif þessarar ritgerðar hef ég komist að þeirri skoðun og niðurstöðu að þekking á uppruna ættleiddra barna er mikilvæg. Eftir lestur margra rannsókna sem sýna þá staðreynd að tengingin við upprunann hafi góð og eflandi áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust þessara barna hefur skoðun mín orðið enn sterkari. Ég hef öðlast nýja sýn á þá miklu vinnu sem kjörforeldrar þurfa að tileinka sér því það að vinna úr tengslarofum sem öll ættleidd börn upplifa getur verið þrautin þyngri. Sem betur fer hafa nýlegar rannsóknir sýnt fram á að myndun nýrra geðtengsla er möguleg og þess vegna geta flest ættleidd börn myndað þessi tengsl við kjörforeldra sína. Kjörforeldrar þurfa einnig að átta sig á að nauðsynlegt er að fræða börnin um uppruna sinn en um leið þurfa þeir að athuga hvað má segja og hvað ekki, allt eftir því hvað hentar hverju barni fyrir sig. Kjörforeldrar sem og aðrir sem tengjast ættleiddum börnum á einhvern hátt þurfa að passa sig á því að beita þau ekki litblindri mismunun því þrátt fyrir að fordómar og misrétti séu ekki líðandi þá er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að við eigum okkur mismunandi fortíð sem ekki má gleyma. Ættleidd börn hafa gengið í gegn um mikla og erfiða reynslu sem einkennist til dæmis af vanrækslu á mikilvægustu þroskamánuðum/árum lífs þeirra. Sé ekki gripið inn í með réttum aðferðum getur sú reynsla mótað þau á slæman hátt sem hægt væri að koma í veg fyrir með réttum aðferðum. Eins og komið hefur fram þá er talið að barni sé fyrir bestu að alast upp í heimalandi sínu hafi það ekki kost á því að alast upp hjá líffræðilegum foreldrum, til að það haldi tengslum við uppruna sinn og menningu. Ættleiðing á milli landa er því alltaf síðasta úrræðið þegar kemur að því að finna barni nýtt heimili. Þrátt fyrir það veitir alþjóðleg ættleiðing barni oftast nær betri lífsgæði þar sem það nýtur ástar, umhyggju og öryggis kjörforeldra sinna sem taka því fagnandi, en til þess að svo geti orðið þurfa kröfurnar sem gerðar eru til kjörforeldra að vera miklar. Þeir þurfa að leita sér fræðslu og stuðnings til að takast á við það mikla verkefni að bjóða barni sem gengið hefur í gegnum erfiða reynslu þrátt fyrir ungan aldur, öruggt skjól og hjálpa því eftir bestu getu að mynda góð tengsl og seinna meir fræða það um uppruna sinn og menningu til að það myndi með sér sem besta sjálfsmynd sem getur svo hjálpað því seinna meir að takast á við þá fordóma og mismunun sem það kann að mæta.

Nauðsynlegt er að kjörforeldrar og aðrir sem koma að uppeldi ættleiddra barna séu meðvitaðir um þá erfiðleika sem börnin geta þurft að glíma við eins og tengslaröskun og óæskilega hegðun og taka á erfiðum aðstæðum með réttum aðferðum. Ættleidd börn hafa verið ranglega greind og sett á lyf sökum þess. Fagaðilar sem koma að slíkum

greiningum ættu því sérstaklega að setja sig inn í aðstæður barnanna og kynna sér orsakir tengslarofa og tengslaraskana áður en greiningin er endanleg. Fræðsla um ættleidd börn mætti vera meiri fyrir almenning og þá sérstaklega fólk sem kemur að ættleiddum börnum á einhvern hátt, hvort sem það er í skólum, leikskólum eða á öðrum stöðum. Það getur verið erfitt fyrir kjörforeldra að þurfa alltaf að vera með allt á hreinu og því gæti meiri fræðsla út í þjóðfélagið verið þeim mikill stuðningur.

Hversu mikilvæg er þekking ættleiddra barna á upprunamenningu sinni er spurning sem ég lagði upp með í byrjun þessarar ritgerðar, ég tel að þekkingin sé mikilvæg þar sem að margar rannsóknir sýna fram á að með aukinni þekkingu um eigið sjálf öðlist einstaklingur góða og sterka sjálfsmynd sem veitir honum meiri lífsgæði. Fordómar og misrétti finnast því miður enn og hafa rannsóknir sýnt að ættleidd börn sem eru stolt af upprunamenningu sinni og hafa hlotið fræðslu um hana eigi auðveldara með að takast á við slíka mismunun. Áhugavert væri að skoða nánar hvort að upplýsing í skólum og jafnvel leikskólum um mismunandi upprunamenningu ættleiddra barna gæti að einhverju leyti komið í veg fyrir að fólk myndi með sér fordóma og einnig stuðlað að betri líðan ættleiddra barna. Eftir lestur á greinum og rannsóknum um ættleidd börn er ályktun mín sú að þrátt fyrir að mikið hafi verið fjallað um hvað ber að varast og hvað getur farið úrskeiðis þegar kemur að uppeldi ættleiddra barna þá vegnar þeim vel þegar á heildina er litið, þau eiga foreldra sem lögðu mikið á sig til að fá þau í hendurnar og ná flest þeirra eðlilegum þroska og njóta góðra lífsgæða. Mikilvægi þekkingar á uppruna má ekki gleymast því þó að börnin þroskist eðlilega geta sálrænir erfiðleikar komið upp seinna meir fái þau ekki þá fræðslu sem þau eiga rétt á.





## Heimildaskrá

- Ainsworth, M. D. S., & Bowlby, J. (1991), An ethological approach to personality development. *American Psychologist*, 46, 331-341.
- Altstein, H. og Simon, R. J. (ritstjórar). (1991). *Intercountry Adoption: A Multinational Perspective*. New York: Greenwood publishing group.
- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening adoption practice, listening to adoptive families. *Child Welfare*, 86(2), 87-104.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1986). *Nútíma fólk*. Reykjavík: Sálfræðistöðin.
- Árni Böðvarsson. (1985). *Íslensk orðabók* (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human growth and development*. London: Sage Publications Ltd.
- Berk, L. E. (2005). *Infants and Children: Prenatal through middle childhood* (5. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.
- Berk, L. E. (2007). *Development through the lifespan* (4. útgáfa). Boston: Pearson Education.
- Berk, L. E. (2009). *Child development*. Boston: Pearson higher education.
- Bowlby, J. (1977). The making and breaking of affectional bonds. I. Aetiology and psychopathology in the light of attachment theory. An expanded version of the Fiftieth Maudsley Lecture, delivered before the Royal College of Psychiatrists, 19 November 1976. *The British Journal of Psychiatry*, 130(3), 201-210.
- Bretherton, I. (1992). The origins of Attachment Theory: John Bowlby and Mary Ainsworth. *Developmental Psychology*, 28(5), 759-775.
- Brodzinsky, D. M., Singer, L. M., og Braff, A. M. (1984). Children's understanding of adoption. *Child Development*, 55, 869-878.
- Carli, A og Dalen, M. (2003). *Kjörffjölskyldan* (Gerður Guðmundsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir þýddu). Reykjavík: Íslensk ættleiðing.
- Danisstory.org. (e.d.). *Dani's story*. Sótt 17. mars 2015 af <http://www.danisstory.org>.

- Dorow, S. (2006). Racialized choices: Chinese adoption and the 'White noise' of Blackness. *Critical Sociology*, 32(23), 357–379.
- Friedlander, M. L. (1999). Ethnic identity development of internationally adopted children and adolescents: Implications for family therapists. *Journal of Marital and Family Therapy*, 25(1), 43-60.
- Gebhardt, S., Grant, P., Georgi, R. V. og Huber, M. T. (2008). Aspects of Piaget's cognitive developmental psychology and neurobiology of psychotic disorders – An integrative model. *Medical Hypotheses*, 71, 426-433.
- Gíslína V. Ólafsdóttir. (2009, október). Lífsbók Hvað er það? *Ættleiðing*, 1(2), 11.
- Hagstofa Íslands. (2008, október). *Ættleiðingar 1990 – 2007. Hagtíðindi: Mannfjöldi*, 93(2), 1-11.
- Hagstofa Íslands. (2014). Frumættleiddir á Íslandi eftir aldri.
- Haugaard, J. J. (2008). *Child psychopathology*. New York: McGraw-Hill.
- Hawkins, A., Beckett, C., Castle, J., Groothuess, C., Sonuga-Barke, E., Colvert, E. o.fl. (2007). The experience of adoption: From the child point of view-an exploration of the attitudes of intercountry and domestic adoptees [Rafræn útgáfa]. *Adoption & Fostering*, 30(4), 5-16.
- HCCH. (2008). The Implementation and Operation of the 1993 Hague Intercountry Adoption Convention: *Guide to Good Practice. Guide no.1*.
- Hornor, G. (2008). Reactive attachment disorder. *Journal of Pediatric Health Care*, 22, 234-239.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi: Í þágu hagsmuna barns*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Innanríkisráðuneytið. (2007, október). *Ættleiðingar á milli landa. Vefrit Dóms- og kirkjumálaráðuneytis*, 7(2).
- Innanríkisráðuneytið. (2014, febrúar). Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög. Sótt af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleidingar/upplýsingar/nr/6716>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.). Sótt 6. mars 2015 af <http://www.isadopt.is>.



- Jórun Elíðóttir. (2013, desember). „... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og er stolt af því ...“ Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Juffer, F. og Ijzendoorn, V. (2007). Adoptees do not lack self-esteem: a meta-analysis of studies on self-esteem of transracial, international, and domestic adoptees. *Psychol Bull*, 133(6), 1067-1083.
- Juffer, F. og Tieman, W. (2009). Being adopted: Internationally adopted children's interest and feelings. *International Social Work*, 52(5), 635–647.
- Kim, W. J. (1995). International adoption: A case review of Korean children. *Child Psychiatry and Human Development*, 25(3), 141–154.
- Margrét María Sigurðardóttir. (2013, 3. júní). Íslenskir dómar í andstöðu við ákvæði Barnasáttmálans. Sótt af <http://syr.is/grein/neytendur/2689>.
- Lee, R. M. (2003, apríl). Do ethnic identity and other-group orientation protect against discrimination for Asian Americans? *Journal of Counseling Psychology*, 50(2), 133-141.
- Levy, T. M. og Orlans, M. (2000). Attachment disorder and the adoptive family. Í Levy, T. M., *Handbook of Attachment Interventions* (244-258). Sótt 20. mars 2015 af [http://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=BoLMASyluyQC&oi=fnd&pg=PP2&dq=Handbook+of+attachment+interventions&ots=UZm76IJFcU&sig=5IKVsBqequhVNDfEt0uYbWbSugo&redir\\_esc=y#v=onepage&q=adopted&f=false](http://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=BoLMASyluyQC&oi=fnd&pg=PP2&dq=Handbook+of+attachment+interventions&ots=UZm76IJFcU&sig=5IKVsBqequhVNDfEt0uYbWbSugo&redir_esc=y#v=onepage&q=adopted&f=false)
- Lög um ættleiðingar nr. 130/1999.
- Mohanty, J. og Newhill, C. (2006). Adjustment of international adoptees: Implications for practice and a future research agenda. *Children and Youth Services Review*, 28(4), 384-395.
- Palacios, J. og Brodzinsky, D. (2010). Review: Adoption research: Trends, topics, outcomes. *International Journal of Behavioral Development*, 34(3), 270–284.
- Purvis, K. B., Cross, D. R. og Sunshine, W. L. (2007). *The Connected Child. Bring Hope and Healing to Your Adoptive Family*. New York: McGraw- Hill.
- Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.
- Reinoso, M., Juffer, F. og Tieman, W. Children's and parents' thoughts and feelings about adoption, birth culture identity and discrimination in families with internationally adopted children. *Child and family social work*, 18(3), 264- 274.

- Richardson, C. (2011). Transracial adoption: Promoting racial literacy or perpetuating colorblind racism? *McNair Scholars Research Journal*, 7(1), 79–88.
- Roberson, K. C. (2006). Attachment and caregiving behavioral systems in intercountry adoption: *A literature review*, 28(7), 727-740.
- Rockquemore, K. A. og Laszloffy, T. A. (2005). *Raising Biracial Children*. Lanham: AltaMira Press.
- Scroogs, P. H. og Heitfield, H. (2001). International adopters and their children: Birth cultural ties. *Gender Issues*, 19(4), 3–30.
- Simon, R. J. og Altstein, H. (1992). *Adoption, race and identity: From infancy through adolescence*. New York: Praeger.
- Smith, D. W., og Brodzinsky, D. M. (1994). Stress and coping in adopted children: A developmental study. *Journal of Clinical Child Psychology*, 23, 91–99.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. Aldar*. Reykjavík: Heimskringla
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar - Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn: Ættleiðingar á Íslandi*. Reykjavík: Salka.
- Sigrún Ósk Kristjánsdóttir. (2015, 16. mars). Margra barna mæður [þáttur 3]. *Þú tengist líka ættleiddu barni*.
- Símon Jóh. Ágústsson. (1964). *Um ættleiðingu*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Svensden, L. (2012). *At tale om adoption med sit barn: Det er aldrig for tidligt at få det sagt!* Í B. K. Høgsberg og A. Buch-Illing (ritstjórar), *Adoptionshåndbogen – Det adopter- ede barn i familien, i dagtilbud og skole* (bls. 141–167). Kaupmannahöfn: Hans Reitzel.
- Thomas, D. (1986). Culture and ethnicity: Maintaining the distinction. *Australian Journal of Psychology*, 38(3), 371–380.
- Thomas, K. A. og Tessler, R. C. (2007). Bicultural socialization among adoptive families: Where there is a will, there is a way. *Journal of Family Issues*, 28(9), 1189–1219.
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns*. Sótt 11. mars 2015 af <http://www.barn.is/barnasattmalinn/>.

United nations: Economic and Social Affairs. (2009). *Child Adoption: Trends and Policies*. New York: United nations.

Weidman, A. B. (2006). Attachment problems. Subtle and Not-so-Subtle Signs. Í MacLeod, J og Macrae, S. (ritstjórar), *Adoption Parenting. Creating a Toolbox, Building Connections*. 62-67. Warren, New Jersey; EMK Press.

Wilson, S. L. (ágúst). A current review of adoption research: exploring individual differences in adjustment. *Children and Youth Services Review*, 26(8), 687-696.

Quiroz, P. A. (2012). Cultural tourism in transnational adoption: “Staged authenticity” and it’s implications for adopted children. *Journal of Family Issues*, 33(4), 527–555.

Ættleiðing.is (e.d.) Sótt 17. mars 2015 af

[http://www.aettleiðing.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=119&Itemid=139](http://www.aettleiðing.is/index.php?option=com_content&view=article&id=119&Itemid=139).